

# ÁRSSKÝRSLA GILDIS - LÍFEYRISSJÓÐS 2013

Kápumynd er tekin í Skarðsvík á Snæfellsnesi

Myndir af stjórn, stjórnarformanni og starfsfólki: Jóhannes Long
Landslagsmyndir: Einar Guðmann
Prentun: Litróf

# EFNISYFIRLIT


Ávarp stjórnarformanns .... 4
Stjórn .... 6
Starfsmenn .... 7
Endurskoðunarnefnd .... 8
Ávöxtun - samantekt .... 8
Verðbréfamarkaðir .... 9
  Innlendur verðbréfamarkaður .... 9
  Erlendir verðbréfamarkaðir og gengi gjaldmiðla .... 13
Samtryggingardeild .... 15
  Sjóðfélagar .... 15
  Iðgjöld .... 16
  Lífeyrir .... 16
  Lán til sjóðfélaga .... 17
  Ávöxtun .... 18
  Fjárfestingar .... 20
  Verðbréfaeign .... 20
  Fjárfestingarstefna .... 26
  Tryggingafræðileg staða .... 27
Séreignardeild .... 28
  Rétthafar og lífeyrir .... 28
  Ávöxtun .... 28
  Fjárfestingar .... 29
  Verðbréfaeign .... 30
  Fjárfestingarstefna .... 32
Samskipta- og siðareglur .... 34
Hluthafastefna .... 35
Áhættustefna .... 37
Sjóðfélagafundur – opið hús .... 37
Heimasíða – sjóðfélaga- og launagreiðendavefur .... 37
VIRK Starfsendurhæfingarsjóður .... 38
Skattur á lífeyrissjóði .... 39
Óvissuþættir .... 39

Ársreikningur .... 41
Selected Financial Information .... 69

## ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Árið 2013 var annasamt og viðburðarríkt hjá Gildi-lífeyrissjóði. Ávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins var 9,1% sem er 5,5% umfram verðbólgu. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ára er 2,9% en meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 10 ára er um 2,5% sem verður að teljast ásættanlegt þegar litið er til hrunsins og þeirra miklu áhrifa sem það hafði og hefur enn á íslenskt efnahagslíf.  Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris í árslok 2013 er 334 milljarðar, en var 302 milljarðar í árslok 2012. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 3,5% en batnar nokkuð á milli ára. Alls eiga rúmlega 190.000 manns réttindi í sjóðnum, en virkir sjóðfélagar eru tæplega 27.000 og lífeyrisþegar um 17.000.

Stjórn sjóðsins hefur nú sem fyrr leitast við að bæta enn frekar upplýsingastreymi til sjóðfélaga. Haldinn var sjóðfélagafundur í vetur þar sem farið var yfir stöðu sjóðsins, helstu verkefni voru kynnt og sjóðfélögum gefinn kostur á að spyrja um rekstur og starf sjóðsins. Þá var haldið opið hús þar sem sjóðfélagar gátu komið í heimsókn og kynnt sér starfsemi sjóðsins. Einnig hafa Landssamtök Lífeyrissjóða unnið gott starf og hafa m.a. kynnt nýtt vefrit, Veffluguna, sem ætlað er að upplýsa sjóðfélaga um kerfið í heild og réttindi þeirra. Þá var Lífeyrisgáttin kynnt fyrr í vetur en þar geta sjóðfélagar séð yfirlit um stöðu sína hjá nær öllum lífeyrissjóðum landsins, en oft hefur slíka heildaryfirsýn vantað þar sem margir landsmenn eiga réttindi í fleiri en einum sjóði.

Á árinu voru haldnir 26 stjórnarfundir sem er svipaður fjöldi og á fyrra ári. Fjöldi stjórnarfunda á ári hefur tvöfaldast frá hruni m.a. vegna aukins innra starfs auk þess sem fjárfestingar kalla á meiri vinnu við undirbúning og ákvarðanatöku. Á þeim sex árum sem undirrituð hefur verið í stjórn sjóðsins hefur verklag allt breyst til batnaðar. Auknar kröfur eru nú gerðar til stjórnarmanna, bæði hvað varðar hæfi og vinnuframlag. Fjármálaeftirlitið hefur undanfarin ár kallað stjórnarmenn lífeyrissjóða til sérstaks hæfismats. Þannig kannar eftirlitið þekkingu stjórnarmanna á lögum og reglum um lífeyrissjóði, kunnáttu í reikningsskilum lífeyrissjóða og almenn viðhorf og þekkingu á helstu málum lífeyrissjóða. Það er af hinu góða og hlýtur að vera grundvöllur að betri gæðum í ákvarðanatöku. Miklar breytingar hafa orðið undanfarin ár á stjórninni og þótt endurnýjun sé ávallt nauðsynleg í stjórnum er einnig mikilvægt að tryggja festu innan sjóðsins og þekkingu á honum.

Markaður með skráð hlutabréf og skuldabréf hefur byggst hægar upp en væntingar almennt stóðu til. Þótt vöxtur verðbréfamarkaðarins hafi verið hægur þá hafa þær skráningar sem hafa átt sér stað almennt gengið nokkuð vel. Ávöxtun skráðra íslenskra hlutabréfa á árinu var í heild sinni góð. Þar sem uppbyggingin hefur gengið hægar fyrir sig en reiknað var með hefur sjóðurinn leitað nokkuð í óskráð bréf í samræmi við heimildir sínar til að auka gæði og fjölbreytileika safnsins. Verðmat á slíkum bréfum er þó eðli málsins samkvæmt ekki eins gegnsætt og á skráðum bréfum og slíkar fjárfestingar kalla oft á meiri undirbúning og ítarlegra ferli. Ávöxtun erlenda hlutabréfasafns sjóðsins var almennt vel ásættanleg en gengi krónunnar styrktist á árinu og hefur það nokkur áhrif á afkomu sjóðsins. Á árinu lagði stjórn sjóðsins áherslu á að auka veðlán til sjóðfélaga. Það var gert með kynningum og lækkun vaxta og kostnaðar. Allir sjóðfélagar hafa rétt til lántöku hjá sjóðnum og hafa þeir reynst traustir lántakendur.

Nokkur umræða hefur verið um fyrirferð íslenskra lífeyrissjóða á hlutabréfamarkaðnum. Umræðan hefur verið fremur einhliða og fyrst og fremst beinst að skráðum félögum. Í mörgum greinum, t.d. ferðaþjónustu og sjávarútvegi, sem teljast til undirstöðuatvinnugreina þjóðarinnar, eru sjóðirnir hins vegar ekki áberandi. Umræðan er að hluta til afleiðing þess að sjóðirnir sitja fastir með fjármuni í landinu og fjárfestingarkostir eru ekki fjölbreytilegri en raun ber vitni.

Sjóðurinn samþykkti í mars á síðasta ári nýja hluthafastefnu og hefur unnið eftir henni í kjölfarið. Til að fylgja betur eftir fjárfestingum sjóðsins, og sem hluta af áhættueftirliti, var mörkuð sú stefna að skipa stjórnarmenn þar sem sjóðurinn á rétt á, annað hvort einn og sér eða með því að styðja aðra í kosningum. Þannig hefur sjóðurinn tekið þátt í að tilnefna eða styðja stjórnarmenn í nokkrum félögum. Áður en stefnan var samþykkt hafði sjóðurinn þó verið að kjósa sína fulltrúa í stjórnir félaga þar sem það átti við. Fram til 2008 átti sjóðurinn almennt litla hluti í mörgum félögum og slíkt kallaði hvorki á rétt né skyldu til að hafa afskipti af stjórnum þeirra hlutafélaga. Frá 2009 hefur eign sjóðsins í hlutafélögum vaxið hægt og örugglega. Nú á sjóðurinn í færri félögum en stærri hluti. Sjóðurinn getur því ekki lengur leyft sér að láta aðra um þá ábyrgð og skyldu að velja stjórnarmenn til að stýra viðkomandi félögum, hafa eftirlit með þeim og leiða stefnu þeirra áfram.

Til að tryggja gegnsæi og til að hafa nægt val um hæfa einstaklinga við skipan í stjórnir félaga fyrir hönd sjóðsins, ákvað stjórnin að auglýsa eftir áhugasömum aðilum sem vildu taka að sér stjórnarsetu fyrir hönd sjóðsins. Í stuttu máli voru viðbrögðin góð, yfir 350 einstaklingar, konur og karlar, margir með mikla reynslu og góðan bakgrunn svöruðu kallinu. Þetta gefur valnefnd sjóðsins, sem velur aðila í stjórnir félaga, gott úrval af hæfum einstaklingum. Þá er ekki síður jákvætt að hugsa til allra þessara aðila sem vilja leggja sitt af mörkum fyrir sjóðinn. Mikilvægt er við uppbyggingu hlutabréfamarkaðarins að sjóðurinn hafi fulltrúa í stjórnum þeirra félaga sem hann á verulega hagsmuni í og sem sjóðurinn treystir til að móta stefnu þeirra félaga. Þá er mikilvægt að sjóðurinn leggi áherslu á gæði og vönduð vinnubrögð af hendi sinna fulltrúa sem skilar sér í betra vinnulagi og betri gæðum í ákvarðanatökum viðkomandi félaga.

Gjaldeyrishöftin hafa áhrif á möguleika sjóðsins til ávöxtunar. Um 27% eigna sjóðsins eru erlendis en vegna gjaldeyrishafta hefur sjóðurinn ekki fjárfest erlendis nema að því marki sem sjóðurinn hafði þegar skuldbundið sig til. Afnám gjaldeyrishafta er að verða eitt af stærstu hagsmunamálum íslenskra lífeyrissjóða, bæði til að hafa áhrif á möguleika þeirra til ávöxtunar og einnig áhættudreifingar eignasafnsins.

Sjóðurinn hefur síðastliðin ár, eftir því sem hann er fyrirferðarmeiri á markaði, horft með auknum þunga til samkeppnissjónarmiða í öllu sínu starfi. Stjórn sjóðsins leggur áherslu á sjálfstæði sitt í vinnubrögðum á markaði og leggur nú sem fyrr áherslu á að vinna með eftirlitsaðilum til að tryggja betri og vandaðri vinnubrögð og trúverðugleika í öllu sínu starfi. Sjóðurinn starfar í stífu regluverki og hefur haldið áfram að yfirfara eigið regluverk og innri ferla og bæta þannig verklag og auka gæði ákvarðana.

Sjóðurinn hefur þyngri örorkubyrði en margir aðrir lífeyrissjóðir. Þung örorka hefur ekki eingöngu áhrif á afkomu sjóðsins heldur einnig á lífsgæði margra þeirra sem þurfa að sætta sig við líf með örorku. Sjóðurinn hefur undanfarin ár átt farsælt samstarf við VIRK og treystir því að það samstarf haldi áfram að skila árangri. VIRK hefur á sínum snærum öflug úrræði sem henta mörgum sjóðfélögum. Mikilvægt er að halda áfram öflugu forvarnarstarfi og reyna að grípa snemma inn í vanda einstaklinga. Í lok árs efldi sjóðurinn enn samstarfið við VIRK og bundnar eru vonir við að það styrki starfið enn frekar sjóðfélögum til hagsbóta.

Ofangreint er fjarri því tæmandi upptalning á starfsemi sjóðsins á síðastliðnu ári. Í þessari ársskýrslu er komið víða við og henni er ætlað að gefa lesandanum góða innsýn í málefni sjóðsins. Hjá Gildi starfar hæft starfsfólk sem sinnir sínu starfi af alúð og trúmennsku. Ég vil fyrir hönd stjórnarinnar þakka öllu starfsfólki sjóðsins sérstaklega fyrir vel unnin störf á undanförnu ári. Þá vil ég einnig þakka öðrum stjórnarmönnum fyrir gott og farsælt samstarf og óska jafnframt sjóðfélögum velfarnaðar.

**Heiðrún Jónsdóttir,**
stjórnarformaður Gildis-lífeyrissjóðs

## STJÓRN

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum. Fjórir eru kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og fjórir af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamanna þeirra. Orri Hauksson sagði sig úr stjórn Gildis í nóvember 2013 og sæti hans tók Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Eftirtaldir skipa stjórn sjóðsins til ársfundar 2014: Heiðrún Jónsdóttir, formaður, Harpa Ólafsdóttir, varaformaður, Elínbjörg Magnúsdóttir, Hjörtur Gíslason, Kolbeinn Gunnarsson, Konráð Alfreðsson, Þorsteinn Víglundsson og Þórunn Liv Kvaran.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Hún setur sjóðnum fjárfestingarstefnu og skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins. Meðal þess sem stjórnin fjallar um á fundum sínum eru ákvarðanir um fjárfestingar, breytingar á samþykktum, eftirlit með fjárfestingum, mótun innra eftirlits og lánareglur sjóðsins. Stjórnin skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skulu stjórnarmenn ekki sitja lengur en 8 ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn.

Á starfsárinu voru haldnir alls 26 stjórnarfundir.

**Hæfi stjórnarmanna**

Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kveða á um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða. Skulu þeir búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi skal Fjármálaeftirlitið fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem um starfsemi viðkomandi aðila gilda. Útnefning stjórnarmanna lífeyrissjóða er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins og skulu þeir uppfylla kröfur þess, m.a. um nægilega þekkingu og reynslu af starfsemi lífeyrissjóða.

Í tengslum við framangreint stofnaði Fjármálaeftirlitið á árinu 2010 ráðgjafarnefnd sem gefur álit um hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða og á árinu 2011 hóf eftirlitið að framkvæma matið með því að boða stjórnarmenn í viðtöl þar sem sérstaklega reynir á eftirfarandi þætti: a) lög og reglur á lífeyrismarkaði, b) reikningsskil og endurskoðun lífeyrissjóða og c) almenna og viðskiptalega stjórnunarþætti.



Stjórn Gildis, mynd tekin 6. mars 2014. Standandi frá vinstri: Hjörtur Gíslason, Þorsteinn Víglundsson, Elínbjörg Magnúsdóttir, Kolbeinn Gunnarsson og Konráð Alfreðsson. Sitjandi frá vinstri: Þórunn Liv Kvaran, Heiðrún Jónsdóttir og Harpa Ólafsdóttir.

## STARFSMENN



26 starfsmenn störfuðu hjá sjóðnum í mars 2014. Á myndinni, sem var tekin 4. mars sl., eru:

| Standandi frá vinstri: | Starfssvið |
|---|---|
| Jóhanna Erla Þorvaldsdóttir | Innheimta iðgjalda |
| Davíð Rúdólfsson | Forstöðumaður eignastýringar |
| Valgerður Hanna Hreinsdóttir | Lífeyrismál |
| Unnur Ingibjörg Sigfúsdóttir | Eignastýring |
| Guðmundur Bergþórsson | Eignastýring |
| Sigurborg Reynisdóttir | Deildarstjóri séreignardeildar |
| Ásdís Ósk Smáradóttir | Lánamál |
| Anna Rúnarsdóttir | Bókhald |
| Þórhallur Ásbjörnsson | Eignastýring |
| Guðrún Inga Ingólfsdóttir | Staðgengill forstöðumanns eignastýringar |
| Hrefna Snorradóttir | Skráning iðgjalda |
| Pálína Guðrún Hallgrímsdóttir | Lífeyrismál |
| Guðrún K. Sigurðardóttir | Deildarstjóri lánadeildar |
| Örn Guðnason | Deildarstjóri lífeyrisdeildar |
| **Sitjandi frá vinstri:** | |
| Friðgerður Friðriksdóttir | Innheimta iðgjalda |
| Kristín Thea Pétursdóttir | Skráning iðgjalda |
| Bjarney Sigurðardóttir | Skrifstofustjóri |
| Árni Guðmundsson | Framkvæmdastjóri |
| Ingileif Kristinsdóttir | Aðalbókari |
| Ólafur Arason | Forstöðumaður tölvu- og upplýsingakerfa |
| Nanna Þórarinsdóttir | Afgreiðsla/móttaka |
| **Fjarverandi voru:** | |
| Anna Lis Hjaltadóttir | Deildarstjóri iðgjaldadeildar |
| Ásbjörg Hjálmarsdóttir | Afgreiðsla/móttaka |
| Guðrún Rögn Jónsdóttir | Lífeyrismál |
| Hlynur Þór Björnsson | Forstöðumaður áhættueftirlits |
| Kristrún Sigurðardóttir | Gjaldkeri |

## ENDURSKOÐUNARNEFND

Endurskoðunarnefnd hefur verið starfandi hjá sjóðnum frá júní 2009. Hún er skipuð af stjórn sjóðsins til þess að sinna verkefnum á ábyrgðarsviði stjórnarinnar. Nefndin á að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila til að auka traust á fjárhagslegum upplýsingum. Aðalhlutverk nefndarinnar er:

- Mat á eftirlitsumhverfi sjóðsins og fyrirkomulagi áhættustýringar.
- Greining á virkni innri endurskoðunar og eftirlit með framkvæmd endurskoðunar.
- Að gera tillögu um val á ytri endurskoðanda og meta óhæði endurskoðanda.
- Tryggja fylgni við lög og reglur.

Á árinu 2013 beitti endurskoðunarnefndin sér fyrir því að leitað var tilboða í ytri endurskoðun fyrir sjóðinn. Nefndin sá um útboð á verkinu, valferli og gerði síðan tillögu til stjórnar um nýja endurskoðendur fyrir sjóðinn.

Á árinu hélt nefndin 11 fundi.

Í endurskoðunarnefndinni eru Sigurður Þórðarson, fyrrverandi ríkisendurskoðandi, sem er formaður, Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands, og Kolbeinn Gunnarsson, formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar, sem situr einnig í stjórn sjóðsins.

## ÁVÖXTUN - SAMANTEKT

Ávöxtun Gildis á árinu 2013 var ágæt hjá deildum sjóðsins. Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins var 9,1% á árinu en hrein raunávöxtun 5,3%. Í séreignardeild sjóðsins var hrein nafnávöxtun 8,9% hjá Framtíðarsýn 1, 6,7% hjá Framtíðarsýn 2 og 5,2% hjá Framtíðarsýn 3. Hrein nafnávöxtun sýnir ávöxtun án tillits til verðlagsbreytinga að frádregnum öllum rekstrarkostnaði. Hrein raunávöxtun var 5,0% hjá Framtíðarsýn 1, 2,9% hjá Framtíðarsýn 2 og 1,5% hjá Framtíðarsýn 3.

**Hrein nafn- og raunávöxtun hjá deildum sjóðsins á árinu 2013**




Síðastliðin 5 ár hefur hrein nafnávöxtun verið að meðaltali 8,0% hjá samtryggingardeild sjóðsins, Framtíðarsýn 1 með 10,0%, Framtíðarsýn 2 með 8,3% og Framtíðarsýn 3 með 8,2%.

**Hrein nafn- og raunávöxtun hjá deildum sjóðsins - meðaltal fyrir 2009-2013**




# VERÐBRÉFAMARKAÐIR

## Innlendur verðbréfamarkaður

### Þróun innlends hlutabréfamarkaðar á árinu 2013

Á árinu 2013 voru þrjár nýskráningar á Aðallista NASDAQ OMX á Íslandi. Félög á Aðallista voru því alls 14 í árslok. Síðastliðið vor voru tryggingafélögin VÍS og TM skráð á markað og í desember var olíufélagið N1 nýskráð á markað. Gildi fjárfesti bæði í TM og N1 en á óverulega eign í VÍS. Gera má ráð fyrir að skráðum félögum í Kauphöllinni fjölgi enn frekar á árinu 2014.

OMXI6 vísitalan hækkaði um 18,9% á árinu 2013 og stóð í 1260 stigum í árslok. Heildarvísitala hlutabréfa hækkaði um 27,5%. Velta með hlutabréf jókst mikið á árinu 2013 og nam 251 milljörðum kr. en var 89 milljarðar kr. árið 2012.

**Þróun OMXI6 vísitölunnar á árinu 2013**



Mest var hækkun á bréfum í Icelandair Group eða 121,4%. Hlutabréf Haga hækkuðu um 68,4%, bréf í Regin um 41,4%, Össuri um 18% og Eimskip um 13,9%. TM hækkaði um 60,3% frá útboðsgengi og VÍS um 35,7%. Bréf í Marel lækkuðu um 5,3% og bréf í Vodafone lækkuðu um 16,3%. Bréf í N1 hækkuðu um 4,4% frá útboðsgengi þá fimm daga sem viðskipti voru með þau á árinu 2013.

**Verðbreyting helstu félaga á árinu 2013**




Heildarmarkaðsvirði félaga skráðra á Aðallista Kauphallar nam 534 milljörðum króna í árslok 2013. Stærstu félögin í Kauphöllinni að markaðsvirði eru sem fyrr Marel og Össur. Í árslok 2012 var markaðsvirði þessara tveggja félaga um 52,6% af heildarmarkaðsvirði skráðra félaga í Kauphöllinni en í árslok 2013 var markaðsvirði þeirra 37,7%. Markaðsvirði Icelandair hækkaði mikið á árinu 2013 og var 17% af vægi skráðra hlutabréfa í árslok 2013 í stað 11,3% í árslok 2012. Markaðsvirði TM, VÍS og N1, sem öll voru skráð á árinu, nemur 13,2% af heildarmarkaðsvirði skráðra félaga.

**Markaðsvirði skráðra hlutabréfa 31.12.2013**



Hér að neðan má sjá til samanburðar markaðsvirði skráðra hlutabréfa 31.12.2012.




Heimild: NASDAQ OMX Nordic

**Þróun innlends skuldabréfamarkaðar á árinu 2013**

Ekki urðu stórfelldar breytingar á ávöxtunarkröfu ríkistryggðra skuldabréfa á árinu 2013 þótt hún hafi hækkað og lækkað á víxl á árinu (sbr. myndir). Í árslok var ávöxtunarkrafa lengstu ríkistryggðu bréfanna lítið breytt milli ára. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa hækkaði að meðaltali um 0,1 prósentustig á árinu en krafa verðtryggðra bréfa hækkaði um 0,5 prósentustig að meðaltali.

Hvað varðar áhrifaþætti fyrir skuldabréfamarkaðinn á árinu má nefna að bæði stýrivextir Seðlabankans og verðbólga stóðu í stað ef horft er til ársins í heild. Í árslok 2013 voru stýrivextir 6,0% og tólf mánaða verðbólga var 4,2%.

**Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisskuldabréfa á árinu 2013**




Heimild: NASDAQ OMX Nordic, Þingveitan

## Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa á árinu 2013




## Verðbólga og stýrivextir Seðlabanka Íslands á árinu 2013






Rauðanes í Þistilfirði

## Erlendir verðbréfamarkaðir og gengi gjaldmiðla

**Þróun erlendra hlutabréfamarkaða á árinu 2013**

Árið 2013 var mjög sterkt ár á hlutabréfamörkuðum um nær allan heim ef frá eru taldir nýmarkaðir (e. emerging markets). Heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI World Index with dividend) hækkaði um 26,7%. Hlutabréfamarkaðir í Bandaríkjunum komu afar vel út á árinu en S&P 500 vísitalan hækkaði um 29,6% og NASDAQ vísitalan um 38,3%. Niðurstaðan fyrir evrópska hlutabréfamarkaði var einnig góð þótt hún hafi verið aðeins lakari, en hlutabréfavísitala Evrópu (MSCI Europe) hækkaði um 16,4% á árinu. Meiri bjartsýni ríkti um að hagkerfi álfunnar væru að taka við sér og staða margra evrópskra fyrirtækja var góð. Á nýmörkuðum var hins vegar aðra sögu að segja þar sem nýmarkaðsvísitala (MSCI EM) lækkaði um 5,0%. Sú niðurstaða var þó betri en útlit var fyrir í byrjun sumars þegar nýmarkaðsvísitalan fór lægst í -16%. Ástæður þessara lækkana má m.a. rekja til þess að markaðsaðilar höfðu áhyggjur af aðgerðum Seðlabanka Bandaríkjanna því vaxtahækkanir þar í landi myndu hafa neikvæð áhrif á stöðu hagkerfa nýmarkaðsríkja og gjaldmiðla.

**Þróun erlendra hlutabréfavísitalna á árinu 2013 - mælt í heimamynt**




Styrking íslensku krónunnar, sérstaklega síðasta mánuð ársins, gagnvart dollar leiddi til þess að heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 13,9%, mælt í íslenskum krónum. Hækkun S&P 500 vísitölunnar í Bandaríkjunum var 16,5%, mælt í íslenskum krónum, evrópsk hlutabréf hækkuðu um 9,3% en hlutabréfavísitala nýmarkaða, mælt í íslenskum krónum, lækkaði um 14,6%.

**Þróun erlendra hlutabréfavísitalna á árinu 2013 - mælt í íslenskum krónum**




Á árinu 2013 styrktist gengi íslensku krónunnar um 10,6% og stóð gengisvísitala krónunnar í 210,1 stigi við árslok, samanborið við 232,7 stig í árslok 2012. Gengi krónunnar hækkaði um 7,1% gagnvart evru og 10,9% gagnvart dollar. USD/ISK var 115,03 og EUR/ISK var 158,5 í lok ársins.

**Gengisþróun íslensku krónunnar á árinu 2013 - styrking (+) eða veiking (-) krónunnar**



# SAMTRYGGINGARDEILD

## Sjóðfélagar

Tæplega 40.800 sjóðfélagar greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2013. Sjóðfélagar eru frá 119 löndum, 80% þeirra eru Íslendingar en 20% af erlendum uppruna. Aldursdreifing kynjanna er nokkuð svipuð. Flestir sjóðfélagar, óháð kyni, eru á aldrinum 17–25 ára. Um 55% sjóðfélaga eru karlar og 45% konur, töluvert fleiri karlar eru á aldursbilinu 25-60 ára en hlutföllin jafnast þegar komið er yfir 60 ára aldur.

### Aldursdreifing sjóðfélaga sem greiddu iðgjöld á árinu 2013




Í töflunni hér að neðan má sjá skiptingu sjóðfélaga eftir atvinnugreinum m.v. iðgjöld til Gildis á árinu 2013.

### Skipting sjóðfélaga eftir atvinnugreinum á árinu 2013

| Atvinnugreinar | Hlutfall karla | Hlutfall kvenna | Hlutfall sjóðfélaga |
|---|---|---|---|
| Opinber stjórnsýsla, varnarmál og almannatryggingar | 9,4% | 13,8% | 23,2% |
| Gististaðir og veitingarekstur | 8,2% | 11,2% | 19,4% |
| Verslun | 4,9% | 2,5% | 7,4% |
| Heilbrigðis- og félagsjónusta | 1,0% | 5,5% | 6,5% |
| Leigustarfsemi og sérhæfð þjónusta | 3,2% | 2,6% | 5,8% |
| Fullvinnsla sjávarafurða | 4,4% | 1,0% | 5,4% |
| Fiskveiðar og eldi | 4,8% | 0,5% | 5,3% |
| Óþekkt starfsemi | 2,8% | 2,0% | 4,9% |
| Iðnaður | 3,7% | 1,0% | 4,7% |
| Mannvirkjagerð | 4,2% | 0,2% | 4,4% |
| Flutningar | 2,7% | 0,2% | 2,9% |
| Þjónusta | 0,6% | 1,2% | 1,8% |
| Rafmagn, veitur og sorp | 1,1% | 0,2% | 1,3% |
| Menningar-, íþrótta- og tómstundastarf | 0,8% | 0,5% | 1,3% |
| Félagasamtök | 0,4% | 0,8% | 1,2% |
| Matvælaiðnaður | 0,6% | 0,3% | 0,9% |
| Fræðslustarfsemi | 0,2% | 0,7% | 0,8% |
| Fasteignaviðskipti | 0,4% | 0,3% | 0,7% |
| Sérfræði-, vísinda- og tæknistarfsemi | 0,3% | 0,3% | 0,6% |
| Upplýsingar og fjarskipti | 0,4% | 0,2% | 0,6% |
| Fjármála- og vátryggingastarfsemi | 0,2% | 0,3% | 0,4% |
| Landbúnaður | 0,3% | 0,1% | 0,4% |
| Jarðvinnsla | 0,1% | 0,0% | 0,1% |
| Heimilisiðnaður | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| **Samtals** | **54,6%** | **45,4%** | **100,0%** |

## Iðgjöld

Heildariðgjöld sem greidd voru til Gildis á árinu 2013 voru 13.656 milljónir króna og var hækkun frá fyrra ári 7,10%. Alls greiddu 4.330 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins fyrir 40.790 sjóðfélaga. Sjóðfélagar með réttindi í árslok voru samtals 192.455 sem er fjölgun um 2,17% á milli ára.

Iðgjöld til sjóðsins á árinu 2013 voru að lágmarki 12% af heildarlaunum. Launþegar greiddu 4% og atvinnurekendur 8%. Ýmsir kjarasamningar þeirra stéttarfélaga sem aðild eiga að sjóðnum kveða síðan á um hærra framlag. Allir launamenn greiða iðgjöld frá 16 ára aldri til 70 ára aldurs.

Yfirlit eru send sjóðfélögum tvisvar á ári þar sem fram koma sundurliðuð framlög sjóðfélaga og launagreiðenda. Þannig geta sjóðfélagar fylgst með þróun eignar sinnar og yfirfarið greiðslur frá launagreiðendum. Þessar upplýsingar eru einnig aðgengilegar á sjóðfélagavef Gildis. Séu vanskil af hálfu launagreiðenda er lögmönnum lífeyrissjóðsins falin innheimta iðgjaldanna.

**Iðgjöld áranna 2012 og 2013 eftir aldri iðgjaldagreiðenda**




## Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar vegna ársins 2013 námu alls 9.936 milljónum króna og hækkuðu um 11,4% milli ára í samtryggingardeild. Lífeyrir sem hlutfall af hreinni eign var 3,00% en var 2,98% á árinu 2012.

**Fjöldi lífeyrisþega í samtryggingardeild**

Fjöldi lífeyrisþega á árinu 2013 var 17.110. Þar af eru 47 lífeyrisþegar sem fengu einnig greiddan elli- og makalífeyri frá Umsjónarnefnd eftirlauna, samtals 7,7 milljónir króna á árinu 2013. Af heildarfjöldanum fékk 2.951 lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris og eru því tvítaldir í töflunni á næstu síðu.

**Skipting á milli einstakra lífeyristegunda fyrir árin 2012 og 2013 (fjöldi)**

| | 2013 | 2012 | Breyting milli ára |
|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 12.789 | 11.910 | 7,4% |
| Örorkulífeyrir | 4.361 | 4.148 | 5,1% |
| Makalífeyrir | 1.929 | 1.922 | 0,4% |
| Barnalífeyrir | 1.029 | 1.015 | 1,4% |
| **Samtals:** | **20.108** | **18.995** | **5,9%** |

**Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar 2012 og 2013 (í millj. kr.)**

| | 2013 | 2012 | Breyting milli ára |
|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 6.118 | 5.483 | 11,6% |
| Örorkulífeyrir | 3.047 | 2.709 | 12,5% |
| Makalífeyrir | 666 | 629 | 5,9% |
| Barnalífeyrir | 105 | 100 | 5,0% |
| **Samtals:** | **9.936** | **8.921** | **11,4%** |

**Orsakir örorku hjá örorkulífeyrisþegum m.v. desember 2013**




## Lán til sjóðfélaga

Á árinu 2013 voru veitt 59 ný lán til sjóðfélaga, samtals að upphæð 356 milljónir króna. Undanfarin ár hafa einkennst af verulegum samdrætti í lánveitingum til sjóðfélaga eins og sjá má í þessari töflu:

| Ár | Fjöldi nýrra lána | Heildarfjárhæð |
|---|---|---|
| 2013 | 59 | 356 m.kr. |
| 2012 | 63 | 290 m.kr. |
| 2011 | 95 | 505 m.kr. |
| 2010 | 82 | 361 m.kr. |
| 2009 | 164 | 691 m.kr. |
| 2008 | 455 | 1.915 m.kr. |

Sjóðfélagar hafa val um hvort lán eru tekin með föstum eða breytilegum vöxtum og hvort lánið endurgreiðist með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum (annuitet). Í ársbyrjun 2013 voru lánakjör sjóðsins þannig að ný lán með föstum vöxtum báru 3,8% vexti og breytilegir vextir voru 3,1%. Þessi vaxtakjör héldust óbreytt út árið 2013 og standa enn óbreytt í mars 2014.

Útistandandi sjóðfélagalán um áramót voru 3.040 talsins og námu samtals 11,6 milljörðum króna. Lán í vanskilum um áramót (90 daga og eldra) eru 178 og nema vanskilin samtals um 109 milljónum króna og eftirstöðvar lána í vanskilum eru um 997 milljónir króna.

**Breyttar lánareglur Gildis frá 1. desember 2013**

Á haustmánuðum 2013 voru lánareglur sjóðsins teknar til endurskoðunar og gerðar breytingar til hagræðis fyrir sjóðfélaga, þannig að m.a. var lántökukostnaður lækkaður og veðhlutfall nýrra lána rýmkað. Stjórn sjóðsins samþykkti eftirfarandi breytingar á lánareglum Gildis frá 1. desember 2013:

- Hámarksveðhlutfall á nýjum lánum var hækkað úr 65% í 75%.
- Afnumin regla um hámarkslánsfjárhæð.
- Lántökugjald lækkað í 0,5%.
- Lágmarkslán kr. 1.000.000.

**Ný lög um neytendalán frá 1. nóvember 2013**

Þann 1. nóvember tóku gildi ný lög um neytendalán til einstaklinga. Lögin byggja á tilskipun Evrópusambandsins og með tilkomu þeirra er upplýsingaskylda lánveitenda aukin. Meðal annars þarf að gefa umsækjendum upplýsingar á stöðluðu eyðublaði áður en lán er veitt þannig að hægt sé að bera saman ólík lánskjör og umsækjendur geti tekið upplýsta ákvörðun um lántökuna. Með lögunum er lánveitendum jafnfram skylt að meta lánshæfi einstaklinga. Lánshæfismat er byggt á viðskiptasögu aðila á milli og/eða upplýsingum úr gagnagrunnum um fjárhagsmálefni og lánstraust. Jafnframt er lánveitendum skylt að framkvæma greiðslumat við lánveitingu ef fjárhæð láns er 2.000.000 kr. eða hærri. Þegar um hjón eða sambúðarfólk er að ræða skal framkvæma greiðslumat áður en lán að fjárhæð 4.000.000 eða hærra er veitt.

## Ávöxtun

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins á árinu 2013 var 9,1% og hrein raunávöxtun 5,3%. Nafnávöxtun skuldabréfasafns samtryggingardeildar var 8,2% og ávöxtun innlána 3,0%. Innlend og erlend hlutabréf og hlutdeildarsjóðir skiluðu 12,2% nafnávöxtun á árinu. Góð ávöxtun ársins er borin uppi af skráðum innlendum hlutabréfum, innlendum framtakssjóðum og skráðum erlendum hlutabréfum. Saman eru þessir eignaflokkar 27,4% af eignum samtryggingardeildar í árslok en standa hins vegar fyrir um 4,0% af 5,3% hreinni raunávöxtun deildarinnar á árinu.

**Hrein nafn- og raunávöxtun samtryggingardeildar á árinu 2013**



## Nafnávöxtun einstakra eignaflokka samtryggingardeilar á árinu 2013






Arnarstapi

## Fjárfestingar

### Fjárfestingar samtryggingardeildar á árinu 2013 (í millj. kr.)

| Verðbréfaflokkur | Kaup | Sala | Nettó |
|---|---|---|---|
| **Skuldabréf** | **27.815** | **13.351** | **14.464** |
| Ríkistryggð, verðtryggð | 7.415 | 0 | 7.415 |
| Ríkistryggð, óverðtryggð | 4.778 | 323 | 4.455 |
| Erlend | 10.332 | 10.967 | -635 |
| Sveitarfélög | 2.406 | 886 | 1.520 |
| Fyrirtæki | 2.317 | 1.174 | 1.143 |
| Veðskuldabréf | 566 | 0 | 566 |
| | | | |
| **Hlutabréf** | **23.095** | **10.271** | **12.824** |
| Innlend skráð | 4.120 | 201 | 3.919 |
| Innlend óskráð | 2.413 | 0 | 2.413 |
| Erlend skráð | 15.350 | 4.693 | 10.657 |
| Erlend óskráð | 1.211 | 5.376 | -4.165 |
| **Fasteigna- og vogunarsjóðir** | **74** | **5.986** | **-5.913** |
| **Samtals** | **50.983** | **29.608** | **21.376** |

## Verðbréfaeign

### Verðbréfaeign og innlán samtryggingardeildar 31.12.2013 (í millj. kr.)

| Verðbréfaflokkur | Eign |
|---|---|
| Ríkistryggð skuldabréf | 141.064 |
| Erlend hlutabréf | 82.443 |
| Innlend hlutabréf | 39.180 |
| Innlán | 18.449 |
| Veðskuldabréf | 16.415 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 14.239 |
| Skuldabréf fyrirtækja | 10.709 |
| Erlend skuldabréf | 3.318 |
| Erlendir fasteignasjóðir | 3.316 |
| Skuldabréf banka og sparisjóða | 1.398 |
| Erlendir vogunarsjóðir | 72 |
| **Samtals** | **330.603** |

### Skipting verðbréfaeignar samtryggingardeildar í árslok 2013




### Samtryggingardeild - hrein eign til greiðslu lífeyris frá 2001 til 2013 (í milljörðum kr.)




## Innlent hlutabréfasafn

Í árslok 2013 nam innlend hlutabréfaeign samtryggingardeildar 39.180 m.kr. eða 11,9% af hreinni eign sjóðsins. Þar af námu innlend skráð hlutabréf 24.654 m.kr. en eign í innlendum óskráðum hlutabréfum og framtakssjóðum nam 14.526 m.kr. Á árinu fjárfesti Gildi fyrir 4.120 m.kr. í skráðum hlutabréfum og 2.413 m.kr. í óskráðum hlutabréfum og framtakssjóðum. Stærstu einstöku eignir samtryggingardeildar í innlendum hlutabréfum í lok ársins eru 10,39% hlutur í Framtakssjóði Íslands, 6% hlutur í Össuri, 10,4% hlutur í Högum og 4,9% í Marel. Innlend óskráð hlutabréf og framtakssjóðir nema 37% af innlendri hlutabréfaeign sjóðsins og skráð bréf 63%.

### Innlent skráð hlutabréfasafn í árslok 2013




### Innlend óskráð hlutabréf og framtakssjóðir í árslok 2013




Samtals hækkuðu innlend hlutabréf um 23,2% á árinu 2013. Skráð innlend hlutabréf hækkuðu um 33,6% á árinu og innlend óskráð hlutabréf og framtakssjóðir um 8,6%.

### Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa á árinu 2013




## Innlent skuldabréfasafn

Skuldabréfaeign samtryggingardeildar í árslok 2013 nam 187,1 milljarði króna eða 56% af hreinni eign sjóðsins. Stærsti hluti skuldabréfasafnsins var skuldabréf með ríkisábyrgð og nemur sá hluti 141,1 milljarði króna eða 76% af skuldabréfaeign sjóðsins. Aðrir helstu flokkar skuldabréfa í safni Gildis eru veðskuldabréf, skuldabréf sveitarfélaga og skuldabréf fyrirtækja

## Innlent skuldabréfasafn í árslok 2013




Af skuldabréfum með ríkisábyrgð í safni Gildis eru 108,9 milljarðar króna útgefnir af Íbúðalánasjóði og forverum hans. Næstir á eftir í hópi útgefenda ríkistryggðra bréfa koma ríkissjóður með 29,4 milljarða króna og Landsvirkjun með 2,0 milljarða króna í árslok 2013.

Í safni skuldabréfa sveitarfélaga vigtaði Lánasjóður sveitarfélaga þyngst í árslok 2013 eða sem nemur 5,4 milljörðum króna en þar á eftir komu skuldabréf með ábyrgð Reykjavíkurborgar (þ.m.t. skuldabréf OR) að fjárhæð 3,0 milljarðar og 2,7 milljarðar króna í skuldabréfum Kópavogsbæjar.

Stærstu skuldarar í fyrirtækjaskuldabréfasafninu eru Rarik, Eik og Skipti með um 2,1 milljarða króna hver í lok árs 2013.

## Yfirlit yfir stærstu útgefendur skuldabréfa 31.12.2013

| **Skuldabréf með ríkisábyrgð, stærstu útgefendur** | **% af sk.br. með ríkisábyrgð** |
|---|---|
| - sem hlutfall af skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs | |
| Íbúðalánasjóður (og forverar hans) | 77,2% |
| Ríkissjóður Íslands | 20,8% |
| Landsvikjun | 1,4% |
| Aðrar útgáfur með ábyrgð ríkissjóðs | 0,6% |

| **Sveitarfélög, stærstu skuldarar** | **% af sk.br. sveitarfélaga** |
|---|---|
| - sem hlutfall af skuldabréfum með ábyrgð sveitarfélaga | |
| Lánasjóður sveitarfélaga | 37,8% |
| Reykjavíkurborg (þ.m.t. OR) | 21,3% |
| Kópavogsbær | 18,9% |
| Garðabær | 8,5% |
| Akureyrarbær | 5,7% |
| Reykjaneshöfn | 2,8% |
| Mosfellsbær | 2,7% |

| **Fyrirtæki, stærstu skuldarar** | **% af sk.br. fyrirtækja** |
|---|---|
| - sem hlutfall af skuldabréfum fyrirtækja | |
| Rarik | 19,7% |
| Eik | 19,4% |
| Skipti | 19,3% |
| REG2 Smáralind | 14,4% |
| FAST-1 | 4,4% |
| Ofanleiti-VÍ | 4,0% |
| Landsafl | 3,4% |

Veðskuldabréf skiptust þannig að 70,5% voru sjóðfélagalán, 15,9% voru veðskuldabréf fyrirtækja og 13,6% voru önnur veðskuldabréf og sjóðir.

Í safni skuldabréfa banka og sparisjóða vógu sértryggð skuldabréf 80,7%. Helstu útgefendur í flokki skuldabréfa banka og sparisjóða voru Arion banki og Norræni fjárfestingarbankinn.

### Erlent verðbréfasafn

Erlent verðbréfasafn samtryggingardeildar samanstendur af skráðum hlutabréfasjóðum og hlutabréfum, framtakssjóðum, fasteignasjóðum og vogunarsjóðum, auk lausafjár sem fjárfest er í erlendum skammtímaskuldabréfasjóðum. Erlendar eignir samtryggingarhluta sjóðsins námu 91,4 milljörðum króna í árslok 2013 eða sem nemur 27,6% af hreinni eign. Erlenda verðbréfasafnið í árslok 2013 skiptist þannig að 67% eru í skráðum hlutabréfum eða hlutabréfasjóðum, 25% í framtakssjóðum, 4% í skammtímaskuldabréfasjóðum og 4% í fasteignasjóðum. Eign Gildis í vogunarsjóðum var hverfandi í árslok 2013.


Seljalandsfoss

## Erlent verðbréfasafn í árslok 2013




## Yfirlit yfir stærstu fjárvörsluaðila erlendra eigna 31.12.2013 (í millj. kr.)

| Hlutabréfasjóðir (Equity) | Eign |
|---|---|
| Blackrock | 15.155 |
| Vanguard | 14.169 |
| Templeton | 6.089 |
| Morgan Stanley | 4.821 |
| MFS | 4.643 |
| Skagen | 3.943 |
| T.Rowe Price | 3.529 |
| JP Morgan | 2.922 |
| Acadian | 1.810 |
| Seilern | 1.101 |
| Stefnir | 896 |
| Aberdeen | 576 |
| **Samtals** | **59.655** |

| Framtakssjóðir (Private Equity) | Eign |
|---|---|
| Morgan Stanley/AIP | 8.787 |
| Aberdeen SVG | 4.371 |
| NB crossroads | 3.065 |
| Blackrock | 1.209 |
| Partners Group | 931 |
| Paul Capital | 904 |
| Standard Life | 871 |
| Íslandssjóðir | 828 |
| DLJ | 658 |
| Stefnir | 610 |
| LGT | 530 |
| **Samtals** | 22.766 |

| Skuldabréfasjóðir (Bonds) | Eign |
|---|---|
| Morgan Stanley | 1.862 |
| Pictet | 1.221 |
| JP Morgan | 122 |
| Landsbankinn | 113 |
| **Samtals** | **3.318** |

| Fasteignasjóðir (Real Estate) | Eign |
|---|---|
| Standard Life | 1.061 |
| Metropolitan | 846 |
| Stefnir | 756 |
| Templeton | 652 |
| **Samtals** | **3.316** |

### Nafnávöxtun erlendra hlutabréfa á árinu 2013




## Fjárfestingarstefna 2014

Fjárfestingarstefna Gildis hefur það að markmiði að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best bjóðast á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu. Undanfarin ár hafa fjárfestingarkostir verið takmarkaðir fyrir íslenska lífeyrissjóði og hefur fjárfestingarstefna Gildis borið þess skýr merki. Áframhald á hægfara endurreisn innlends verðbréfamarkaðar hefur haft þar mikið að segja sem og hömlur á nýjar fjárfestingar erlendis sökum gjaldeyrishafta. Hefur það meðal annars komið fram í mun rýmri vikmörkum fjárfestingarstefnunnar en áður var þegar markaðir og eignasafn sjóðsins voru í meira jafnvægi.

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2014 var sett af stjórn Gildis þann 26. nóvember 2013. Í nýrri stefnu er helst lögð áhersla á að auka vægi innlendra hlutabréfa, skuldabréfa fyrirtækja og veðskuldabréfa í eignasafni sjóðsins. Á sama tíma gerir ný stefna ráð fyrir að helst verði dregið úr vægi ríkisskuldabréfa, innlána og erlendra skuldabréfa. Vikmörk fjárfestingarstefnunnar eru áfram höfð nokkuð rúm þar sem lítill sýnileiki á framboði fjárfestingarkosta á árinu kallar á aukinn sveigjanleika sjóðsins til fjárfestinga.

### Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar fyrir árið 2014

| | Eignir þann | Stefna | Heimiluð frávik | |
|---|---|---|---|---|
| **Verðbréfaflokkur** | **31.12.2013** | **2014** | **Lágmark** | **Hámark** |
| **Innlán** | **5,6%** | **0,0%** | **0,0%** | **10,0%** |
| **Skuldabréf** | **56,6%** | **58,0%** | **50,0%** | **70,0%** |
| Skuldabréf með ábyrgð ríkisins | 42,7% | 35,0% | 30,0% | 50,0% |
| Skuldabréf banka og sparisjóða | 0,4% | 1,0% | 0,0% | 5,0% |
| Erlend skuldabréf | 1,0% | 0,0% | 0,0% | 5,0% |
| Veðskuldabréf | 5,0% | 7,0% | 3,0% | 11,0% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 4,3% | 5,0% | 3,0% | 8,0% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 3,2% | 10,0% | 2,0% | 13,0% |
| **Hlutabréf** | **36,8%** | **41,0%** | **23,0%** | **50,0%** |
| Innlend | 11,9% | 15,0% | 5,0% | 22,0% |
| Erlend | 24,9% | 26,0% | 18,0% | 36,0% |
| **Aðrar fjárfestingar** | **1,0%** | **1,0%** | **0,0%** | **4,0%** |
| Fasteignasjóðir | 1,0% | 1,0% | 0,0% | 3,0% |
| Vogunarsjóðir | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 1,0% |
| **Samtals** | **100%** | **100%** | | |

## Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2013 var unnin af Talnakönnun hf. Úttektin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu úttektarinnar. Til samanburðar er sýnd niðurstaða úttektar á sjóðnum sem miðast við árslok 2012.

**Niðurstöður tryggingafræðilegrar stöðu fyrir 2013 og 2012 (í millj. kr.)**

| Staða í árslok | 2013 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| **Áfallin staða** | | | | |
| Höfuðstóll | 331.381 | | 299.495 | |
| Viðbót vegna endurmats | 13.419 | | 14.873 | |
| Fjárfestingakostnaður | -4.954 | | -4.483 | |
| **Eign** | **339.845** | | **309.885** | |
| | | | | |
| Áfallin lífeyrisskuldbinding | 345.576 | | 318.957 | |
| Kostnaður | 3.519 | | 3.217 | |
| | | | | |
| Áfallin skuldbinding | 349.095 | | 322.174 | |
| **Áfallin staða** | **-9.249** | **-2,6%** | **-12.289** | **-3,8%** |
| | | | | |
| **Heildarstaða** | | | | |
| Iðgjöld | 222.249 | | 200.213 | |
| Eign + iðgjöld | 562.094 | | 510.098 | |
| | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 574.532 | | 526.027 | |
| Kostnaður | 8.113 | | 7.325 | |
| Heildarskuldbinding | 582.645 | | 533.352 | |
| **Heildarstaða** | **-20.551** | **-3,5%** | **-23.254** | **-4,4%** |

Athugunin er unnin út frá sömu forsendum og í árslok 2012. Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 20.551 milljónir kr. eða 3,5%. Það er betri staða en í árslok 2012 en þá var staðan neikvæð um 23.254 milljón eða 4,4%. Áfallin staða er neikvæð um 9.249 milljónir kr. en hún var neikvæð um 12.279 milljónir í úttektinni í árslok 2012.

Lífeyrisréttindi eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs og breytast lífeyrisgreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölunni.

**Örorkubyrði/örorkuframlag**

Örorkubyrði Gildis og örorkulíkur sjóðfélaga í tryggingafræðilegri úttekt eru með því hæsta sem þekkist hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Við útreikning á framtíðarörorkubyrði sjóðsins er reiknað 30% álag á staðlaðar íslenskar örorkulíkur. Hjá mörgum íslenskum lífeyrissjóðum eru örorkulíkurnar allt að helmingi lægri en hjá Gildi.

Til þess að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubyrði fá lífeyrissjóðir úthlutað örorkuframlagi sem greiðist af tryggingagjaldi. Framlag þetta til Gildis nam á síðasta ári 986 milljónum króna og mun sjóðurinn nýta það til þess að hækka réttindi lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga.

## SÉREIGNARDEILD

### Rétthafar og lífeyrir

Í árslok 2013 var sérstök lagaheimild til tímabundinnar útgreiðslu úr séreignarsjóði framlengd enn á ný og gildir hún til 31. desember 2014. Nú hefur þessi heimild verið í gildi nánast óslitið frá því í mars 2009 og hafa margir sjóðfélagar nýtt sér þennan möguleika til að minnka skuldir sínar. Við framlengingu heimildar var einnig ákveðið að hækka heildarfjárhæð útgreiðslu úr kr. 6.250.000 í kr. 9.000.000 og er útgreiðslutíminn 15 mánuðir. Mánaðarleg útborgun nemur því að hámarki kr. 600.000 og viðmiðunardagsetning inneignar er 1. janúar 2014. Frá 1. janúar 2012 hefur frádráttarbært iðgjald launþega í séreignarsjóð verið að hámarki 2% og átti það framlag að gilda fyrir tekjuárin 2012-2014. Í desember 2013 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um tekjuskatt sem heimila 4% iðgjald launþega frá og með 1. júlí 2014. Á sama tíma á að opna fyrir þann möguleika að sjóðfélagar geti látið séreignargreiðslur renna inn á höfuðstól húsnæðislána sinna eða inn á sérstakan húsnæðissparnaðarreikning.

Hrein eign séreignardeildar var 2.943 milljónir króna í lok árs 2013 og hækkaði um 179 milljónir frá fyrra ári. Greiðslur úr deildinni námu 147 milljónum króna, þar af voru 52 milljónir vegna sérstakrar lagaheimildar. Rétthöfum í séreignardeild fækkaði um 475 á milli ára en fjöldi rétthafa í árslok var 34.311.

**Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar á árinu 2013 (í þús.kr.)**

| | Framtíðarsýn 1 | Framtíðarsýn 2 | Framtíðarsýn 3 |
|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 12.362 | 44.201 | 33.429 |
| Örorkulífeyrir | 149 | 1.776 | 0 |
| Makalífeyrir | 471 | 2.426 | 0 |
| Barnalífeyrir | 548 | 158 | 0 |
| Tímabundin útgr.heimild | 19.197 | 23.199 | 9.242 |
| **Samtals** | **32.728** | **71.760** | **42.671** |

### Ávöxtun

Hrein nafnávöxtun, sem er ávöxtun að frádregnum rekstrarkostnaði, Framtíðarsýnar 1 nam 8,9% á árinu 2013 eða sem nemur 5,0% raunávöxtun. Hrein nafnávöxtun Framtíðarsýnar 2 nam 6,7% á árinu 2013 eða 2,9% raunávöxtun. Verðtryggð innlán Framtíðarsýnar 3 skiluðu 5,2% hreinni nafnávöxtun á árinu eða 1,5% raunávöxtun á árinu.

**Hrein nafn- og raunávöxtun séreignardeildar á árinu 2013**



Ávöxtun helstu eignaflokka innan séreignadeildar má sjá á mynd hér að neðan. Innlent hlutabréfasafn Framtíðarsýnar 1 hækkaði um 18,6% og innlent hlutabréfasafn Framtíðarsýnar 2 um 15,4%. Til samanburðar hækkaði ICEX6 vísitalan um 18,9% á árinu. Erlendir hlutabréfamarkaðir hækkuðu mikið á árinu, en styrking krónunnar hafði neikvæð áhrif á ávöxtun í íslenskum krónum. Hækkun erlendra hlutabréfa Framtíðarsýnar 1 nam 12,0% á árinu og 10,9% hjá Framtíðarsýn 2, hvort tveggja mælt í íslenskum krónum. Til samanburðar hækkaði heimsvísitala Morgan Stanley um 13,9%, mælt í íslenskum krónum.

Ávöxtun á innlendu ríkisbréfasafni Framtíðarsýnar 1 var 2,8% á árinu 2013, samanborið við 2,7% ávöxtun ávöxtunarviðmiðs samkvæmt fjárfestingarstefnu. Innlent ríkisbréfasafn Framtíðarsýnar 2 skilaði 3,9% ávöxtun, samanborið við 3,1% hækkun ávöxtunarviðmiðs. Það sem helst kom niður á ávöxtun ríkistryggðra skuldabréfa á árinu var hækkun ávöxtunarkröfu á verðtryggðum skuldabréfum. Önnur skuldabréf, þ.e. skuldabréf fyrirtækja og skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga, skiluðu hærri ávöxtun en ríkisbréfasafn, sem skýrir m.a. hærri ávöxtun í eignaflokknum á árinu.

**Nafnávöxtun helstu eignaflokka séreignardeildar á árinu 2013**




Það sem skýrir mismun á ávöxtun samtryggingardeildar og séreignardeildar er annars vegar mismunandi fjárfestingarstefna og hins vegar mismunandi uppgjörsaðferð deildanna á markaðsskuldabréfum. Ávöxtun samtryggingardeildar og séreignardeildar er því ekki samanburðarhæf.

## Fjárfestingar

**Fjárfestingar Framtíðarsýnar 1 á árinu 2013 (í þús. kr.)**

| Verðbréfaflokkur | Kaup | Sala | Nettó |
|---|---|---|---|
| **Skuldabréf** | **71.889** | **18.880** | **53.009** |
| Ríkistryggð, verðtryggð | 26.431 | 0 | 26.431 |
| Ríkistryggð, óverðtryggð | 5.321 | 0 | 5.321 |
| Sveitarfélög | 7.044 | 7.398 | -354 |
| Fyrirtæki | 33.093 | 11.482 | 21.610 |
| **Hlutabréf** | **159.412** | **165.506** | **-6.094** |
| Innlend | 47.313 | 38.823 | 8.490 |
| Erlend | 112.099 | 126.683 | -14.584 |
| **Samtals** | **231.301** | **184.386** | **46.915** |

### Fjárfestingar Framtíðarsýnar 2 á árinu 2013 (í þús. kr.)

| Verðbréfaflokkur | Kaup | Sala | Nettó |
|---|---|---|---|
| **Skuldabréf** | **87.371** | **42.839** | **44.532** |
| Ríkistryggð, verðtryggð | 19.417 | 0 | 19.417 |
| Ríkistryggð, óverðtryggð | 5.321 | 20.646 | -15.325 |
| Sveitarfélög | 21.131 | 22.193 | -1.062 |
| Fyrirtæki | 41.501 | 0 | 41.501 |
| **Hlutabréf** | **175.352** | **163.659** | **11.692** |
| Innlend | 64.157 | 30.878 | 33.278 |
| Erlend | 111.195 | 132.781 | -21.586 |
| **Samtals** | **262.722** | **206.498** | **56.225** |

## Verðbréfaeign

### Verðbréfaeign og innlán Framtíðarsýnar 1  þann 31.12.2013 (í þús. kr.)

| Verðbréfaflokkur | Eign |
|---|---|
| Ríkistryggð skuldabréf | 332.618 |
| Erlend hlutabréf | 304.068 |
| Innlend hlutabréf | 81.110 |
| Innlán | 28.656 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 54.505 |
| Skuldabréf fyrirtækja | 79.716 |
| **Samtals** | **880.673** |

### Skipting verðbréfaeignar Framtíðarsýnar 1 í árslok 2013



### Verðbréfaeign og innlán Framtíðarsýnar 2 þann 31.12.2013 (í þús. kr.)

| Verðbréfaflokkur | Eign |
|---|---|
| Ríkistryggð skuldabréf | 744.874 |
| Erlend hlutabréf | 295.802 |
| Innlend hlutabréf | 109.223 |
| Innlán | 34.421 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 101.767 |
| Skuldabréf fyrirtækja | 131.948 |
| **Samtals** | **1.418.035** |

### Skipting verðbréfaeignar Framtíðarsýnar 2 í árslok 2013




### Eign Framtíðarsýnar 3 þann 31.12.2013 (í þús. kr.)

| Verðbréfaflokkur | Eign |
|---|---|
| Verðtryggð innlán | 644.292 |
| **Samtals** | **644.292** |

### Eign Framtíðarsýnar 3 í árslok 2013



## Fjárfestingarstefna 2014

### Framtíðarsýn 1

| Verðbréfaflokkur | Eignir 31.12.2013 | Stefna 2014 | Heimiluð frávik Lágmark | Heimiluð frávik Hámark |
|---|---|---|---|---|
| **Skuldabréf** | **56,3%** | **65,0%** | **55,0%** | **75,0%** |
| Innlán | 3,3% | 1,0% | 0,0% | 15,0% |
| Skuldabréf með ábyrgð ríkisins | 37,8% | 39,0% | 30,0% | 65,0% |
| Skuldabréf banka og sparisjóða | 0,0% | 5,0% | 0,0% | 15,0% |
| Veðskuldabréf | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 6,2% | 10,0% | 0,0% | 15,0% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 9,1% | 10,0% | 0,0% | 15,0% |
| **Hlutabréf** | **43,7%** | **35,0%** | **25,0%** | **45,0%** |
| Innlend hlutabréf | 9,2% | 5,0% | 0,0% | 15,0% |
| Erlend hlutabréf | 34,5% | 30,0% | 20,0% | 40,0% |
| **Samtals** | **100%** | **100%** | | |

### Framtíðarsýn 2

| Verðbréfaflokkur | Eignir 31.12.2013 | Stefna 2014 | Heimiluð frávik Lágmark | Heimiluð frávik Hámark |
|---|---|---|---|---|
| **Skuldabréf** | **71,4%** | **80,0%** | **70,0%** | **90,0%** |
| Innlán | 2,4% | 1,0% | 0,0% | 15,0% |
| Skuldabréf með ábyrgð ríkisins | 52,5% | 54,0% | 45,0% | 80,0% |
| Skuldabréf banka og sparisjóða | 0,0% | 5,0% | 0,0% | 15,0% |
| Veðskuldabréf | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 7,2% | 10,0% | 0,0% | 15,0% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 9,3% | 10,0% | 0,0% | 15,0% |
| **Hlutabréf** | **28,6%** | **20,0%** | **10,0%** | **30,0%** |
| Innlend hlutabréf | 7,7% | 4,0% | 0,0% | 15,0% |
| Erlend hlutabréf | 20,9% | 16,0% | 5,0% | 25,0% |
| **Samtals** | **100%** | **100%** | | |

### Framtíðarsýn 3

| Verðbréfaflokkur | Eignir 31.12.2013 | Stefna 2014 | Heimiluð frávik Lágmark | Heimiluð frávik Hámark |
|---|---|---|---|---|
| Verðtryggð innlán | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |
| **Samtals** | **100%** | **100%** | | |


Vestrahorn á Suðausturlandi

## SAMSKIPTA- OG SIÐAREGLUR FYRIR STJÓRN OG STARFSMENN GILDIS-LÍFEYRISSJÓÐS

Hlutverk Gildis-lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og lög og aðrar reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða. Í því skyni tekur sjóðurinn við iðgjöldum og ávaxtar fjármuni sjóðsins. Gildi gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki og innan sjóðsins er borin virðing fyrir þeirri samfélagslegu ábyrgð sem hvílir á sjóðnum.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er að fara með yfirstjórn hans eins og kveðið er á um í samþykktum, lögum og reglum. Stjórnin hefur forystu og frumkvæði í þróun sjóðsins og málum hans. Í því felst m.a. reglubundin almenn stefnumörkun, ákvarðanir um helstu mál og virk eftirfylgni með þeim ákvörðunum sem teknar eru. Stjórnin gegnir jafnframt eftirlitshlutverki og tryggir að allar viðeigandi aðgerðir til eftirlits innan sjóðsins séu framkvæmdar í samræmi við lög, reglur og góða starfshætti og verklagsvenjur. Stjórnin fylgir eftir ákvörðunum sínum.

Hlutverk starfsmanna sjóðsins er að annast rekstur hans og þjónustu og samskipti við viðskiptavini, opinbera aðila og aðra sem láta sig málefni sjóðsins varða. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn en annað starfsfólk er á ábyrgð hans utan þeirra sem starfa við innra eftirlit. Framkvæmdastjóra og starfsfólki sjóðsins eru ljósar þær kröfur sem til þeirra eru gerðar og sú ábyrgð sem á þeim hvílir bæði formlega samkvæmt samþykktum, lögum og reglum, samningum eða ákvörðunum og eins óformlega vegna væntinga sjóðfélaga, launagreiðenda og samfélagsins alls um ábyrga og árangursríka starfsemi sjóðsins.

Í öllum störfum sínum fyrir sjóðinn leggja stjórn og starfsmenn áherslu á heilbrigða skynsemi og dómgreind. Gengið er fram af hófsemi og fyrirhyggju en jafnframt verða stjórn og starfsmenn að vera trúir sannfæringu sinni og vinna samkvæmt bestu samvisku.

Stjórn og starfsmenn sjóðsins þjóna greiðandi sjóðfélögum, lífeyrisþegum, launagreiðendum og lántakendum af trúmennsku og virðingu fyrir hlutverki sjóðsins. Lögð er áhersla á opið upplýsingaflæði en nauðsynlegan og eðlilegan trúnað og þagnarskyldu og ennfremur virðingu og sanngirni í framkomu, svörum og afgreiðslu mála. Upplýsingar eru ekki misnotaðar.

Samskipti við aðra aðila á fjármagnsmarkaði byggjast á virðingu fyrir samstarfsaðilum og viðleitni til að viðhalda og efla trúverðugleika sjóðsins. Ekkert er gert til að draga í efa löghlýðni starfsmanna eða hollustu þeirra við sjóðinn og hlutverk hans. Starfsmenn eru vakandi gagnvart hugsanlegum hagsmunaárekstrum og bera virka ábyrgð á því að bregðast við hugsanlegum misfellum eftir því sem við á. Upplýsingar eru ekki misnotaðar og trúnaður við viðskiptaaðila er haldinn vegna allra lögmætra viðskipta.

Sjóðurinn fjárfestir í samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum sem fylgja lögum og reglum samfélagsins og viðurkenndum viðmiðunum um góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði. Sjóðurinn fjárfestir ekki í fyrirtækjum sem ofbjóða siðferðisvitund almennings með ósanngjarnri framkomu gagnvart starfsfólki s.s. varðandi kjör og stjórnunaraðferðir eða með óhófi í launamálum stjórnenda sem og öðrum rekstrarþáttum. Stjórn tekur afstöðu til slíkra mála sem upp koma og ákveður hvort selja eigi hlut sjóðsins í ljósi þeirra viðbragða sem athugasemdir við óeðlilega starfshætti fá.

Gjafir eru ekki þegnar né samþykkt greiðsla annarra á kostnaði vegna starfsmanna eða stjórnarmanna, ef slíkt gefur tilefni til að draga trúverðugleika sjóðsins í efa eða gefur ástæðu til að ætla að það hafi áhrif á ákvarðanir stjórnar eða starfsmanna. Gjafir mega enga fjárhagslega þýðingu hafa fyrir viðtakanda og allar kostnaðargreiðslur, t.d. vegna funda eða kynninga, verða að vera viðeigandi, hóflegar og í eðlilegu samræmi við tilefni og góða viðskiptavenju.

Stjórn og starfsmenn sjóðsins leitast við í samskiptum sínum við opinbera aðila og eftirlitsstofnanir að skapa traust á sjóðnum á grundvelli þess að lög og reglur eru haldin í heiðri. Virðing er borin fyrir markmiðum og

tilgangi laga og í starfsemi sjóðsins er ekki reynt að þræða markalínur þess sem er löglegt. Unnið er með eftirlitsaðilum með eins jákvæðum hætti og kostur er og frumkvæði tekið í samskiptum við þá ef nokkur vafi leikur á því hvort einstakar ákvarðanir eða aðgerðir séu í samræmi við lög og reglur.

Stjórn og starfsmenn Gildis gæta fyllstu fagmennsku í samskiptum við almenning og fjölmiðla. Jafnan skal svara spurningum í samræmi við bestu vitneskju og án nokkurrar tilraunar til þess að villa um fyrir spyrjanda eða misleiða viðkomandi. Ef spurningu er ekki hægt að svara vegna þess að upplýsingar liggja ekki fyrir eða vegna trúnaðar skal það tekið fram með opnum hætti og skýrt út.

Stjórn og starfsmenn hafa metnað fyrir hönd sjóðsins. Í því felst að bera hag hans fyrir brjósti og leggja sig fram um að ná árangri fyrir hans hönd. Stjórn og starfsmenn eru hvattir til að vera málsvarar sjóðsins þegar tækifæri gefst.

Við ráðningu skal kynna siða- og samskiptareglur sjóðsins fyrir starfsmönnum. Sama gildir um stjórnarmenn sem taka sæti í stjórn sjóðsins. Brot starfsmanna á reglum þessum geta varðað áminningu eða uppsögn. Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu sjóðsins.

## HLUTHAFASTEFNA

Innlendur hlutabréfamarkaður hefur hægt og bítandi verið að byggjast upp að nýju og sjóðurinn er nú stærri og virkari hluthafi í félögum en áður. Í ljósi þessara breyttu aðstæðna hefur stjórn sjóðsins lagt áherslu á að endurskoða stefnuna þar sem leitast er við að skilgreina með skýrari hætti en áður aðkomu að stjórnum fyrirtækja sem sjóðurinn á hlut í. Ný hluthafastefna fyrir sjóðinn var samþykkt á stjórnarfundi 20. mars 2013.

**Hluthafastefna Gildis-lífeyrissjóðs:**

Gildi-lífeyrissjóður hefur það að markmiði að hámarka lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga og tryggja þeim bestu lífeyrisréttindi sem kostur er á með ávöxtun iðgjalda, áhættustýringu og hagkvæmum rekstri. Gildi er langtímafjárfestir sem leitast við að ávaxta lífeyrissparnað sjóðfélaga sinna í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Fjárfestingarstefna Gildis er sett af stjórn sjóðsins ár hvert og markar hún stefnu um hvernig eignasamsetningu sjóðsins skuli háttað að teknu tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Hluthafastefna Gildis ákvarðar hvernig sjóðurinn beitir sér sem hluthafi í þeim hlutafélögum sem hann á verulegan eignarhlut í. Verulegur eignarhlutur telst vera 0,5% af heildareignum lífeyrissjóðsins, 5% eða hærri eignarhlutur í hverju félagi eða sjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félagsins.

**I. Hagsmunagæsla fyrir hönd sjóðfélaga og upplýsingagjöf**

Stjórn Gildis, stjórnendur, starfsfólk og fulltrúar sjóðsins í stjórnum félaga standa vörð um hagsmuni sjóðfélaga Gildis til lengri og skemmri tíma, m.a. með því að fylgja bestu viðmiðum um stjórnarhætti fyrirtækja, árangursmælingum, eftirliti og virkri beitingu lagalegra úrræða. Framkvæmdastjóri Gildis fer með atkvæðisrétt á aðalfundum fyrir hönd sjóðsins. Hann upplýsir stjórn Gildis um afkomu félaganna, þróun eignarhalds og frammistöðu fulltrúa Gildis í stjórnum a.m.k. einu sinni á ári, en oftar ef þörf krefur, svo sem ef óvæntar breytingar verða á einhverjum þessara þátta.

**II. Tilnefningar í stjórnir félaga og launakjör stjórnarmanna**

Ef Gildi á þess kost á grundvelli eignarhalds leitast sjóðurinn við að tilnefna vel hæfa fulltrúa í stjórnir félaga, annaðhvort einn og sér eða styðja í samstarfi við aðra aðila.

Framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og varaformaður stjórnar Gildis mynda valnefnd sem tilnefnir stjórnarmenn í hvert félag. Nefndin nýtur liðsinnis starfsmanna sjóðsins og/eða utanaðkomandi ráðgjafa við leit og val á stjórnarmönnum. Valnefnd sjóðsins kemur saman a.m.k. árlega og oftar ef þörf krefur, í aðdraganda aðalfunda félaga, eða þegar kosning stjórnarmanna stendur fyrir dyrum í félögum sem sjóðurinn á verulegan hlut í.

Val á stjórnarmönnum sem Gildi tilnefnir eða vill styðja til stjórnarsetu byggir á faglegu ferli þar sem bakgrunnur, fagleg þekking, reynsla, færni og hæfi er kannað. Sérstaklega þarf að huga að samsetningu stjórna með hliðsjón af fjölbreyttri þekkingu og kynjahlutfalli, og að ekki séu til staðar hagsmunaárekstrar milli einstakra stjórnarmanna og félagsins.

Við mat á því hverjar séu eðlilegar launagreiðslur fyrir stjórnarsetu í félagi skal litið til umfangs og ábyrgðar starfsins, sem og þess fórnarkostnaðar sem stjórnarmenn þurfa að færa til að geta rækt skyldur sínar við félagið. Telji valnefnd að tillögur fyrir aðalfund um stjórnarlaun séu mjög frábrugðnar því sem hæfilegt er, með hliðsjón af framangreindum matsþáttum, skal valnefnd koma þeim sjónarmiðum á framfæri. Skal það gert annaðhvort við viðkomandi stjórn fyrir aðalfund eða með formlegum hætti, svo sem með bókun eða breytingatillögum á aðalfundi, hvort sem launin teljast vera of há eða lág.

**III. Bestu staðlar um stjórnarhætti fyrirtækja til viðmiðunar**

Hlutverk stjórna er að vinna að framgangi félaga samkvæmt lögum, reglum og leiðbeinandi tilmælum sem um starfsemina gilda. Þeir stjórnarmenn sem Gildi tilnefnir eða styður til setu í stjórn félags standa vörð um hagsmuni þess og allra hluthafa. Stjórnir hafa eftirlit með því að rekstur félaga fylgi almennum og góðum viðskiptavenjum, gæta þess að samþykktir séu virtar og bestu stöðlum um stjórnarhætti fylgt. Þá skulu stjórnir stuðla að því að stjórnendur hafi skýra framtíðarsýn og markmið varðandi starfsemi félaga. Stjórnarmenn sem njóta stuðnings Gildis skulu í störfum sínum hafa til hliðsjónar Samskipta- og siðareglur Gildis-lífeyrissjóðs og Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands og NasdaqOMX Ísland. Stjórnarmenn standa vörð um að réttindi hluthafa séu ekki skert í starfsemi félaga.

Við val á fjárfestingum í hlutafélögum horfir Gildi til stjórnendateymis og þeirra stjórnarhátta sem það viðhefur.

Stjórnarmönnum sem Gildi tilnefnir eða sem njóta stuðnings Gildis ber að sjá til þess að hluthafar séu upplýstir um stöðu félaga hálfsárslega eða eftir því sem lög um hlutafélög kveða á um. Einnig að fulltrúum hluthafa sé tilkynnt með viðhlítandi fyrirvara um meiriháttar ákvarðanir er lúta að atkvæðagreiðslum á hluthafafundum. Valnefnd og starfsmenn sjóðsins skulu hitta stjórnarmenn a.m.k. árlega, þar sem aðilar hafa tækifæri til að koma viðhorfum sínum á framfæri, en oftar ef þörf krefur, svo sem ef óvæntar breytingar verða á högum félaga.

Fyrir aðalfundi félaga sem sjóðurinn fer með verulegan eignarhlut í skulu framkvæmdastjóri Gildis og starfsmenn sjóðsins yfirfara allar tillögur sem samkvæmt dagskrá á að leggja fyrir aðalfund viðkomandi félags. Meti starfsmenn sjóðsins að tilefni sé til breytinga á samþykktum félags, starfskjarastefnu, tillögum eða öðrum atriðum skal sjóðurinn beita sér fyrir því að lagðar verði fram tillögur þess efnis á aðalfundi félags. Leita skal samstarfs við stjórnarformann félagsins eftir því sem við á.

**VI. Ákvörðun um laun og kjör forstjóra**

Stjórn hvers félags ræður forstjóra/framkvæmdastjóra og gerir við hann ráðningar- og starfssamning. Stjórn félags ber ábyrgð á að starfssamningur forstjóra sé gerður á faglegum grunni og að fyrir honum liggi hlutlæg rök. Við ákvörðun launa forstjóra skulu stjórnarmenn sem njóta stuðnings Gildis líta til innri þátta félags, launadreifingar innan þess og launa sem ætla má að forstjóra bjóðist á þeim markaði sem félagið starfar á.

**VII. Kaupaukar og hvatakerfi**

Gildi leggur áherslu á að ávallt liggi fyrir greinargóðar upplýsingar og rök fyrir starfskjörum starfsmanna þeirra félaga sem sjóðurinn á verulegan hlut í, m.a. árangurstengdum greiðslum og kaupaukum. Nauðsynlegt

er að hluthafar séu upplýstir um forsendur og rök fyrir kaupaukum og breytilegum launaliðum tengdum rekstrarniðurstöðum.

## ÁHÆTTUSTEFNA

Markmið sjóðsins með áhættustýringu er að setja viðmið um áhættutöku, að uppgötva og greina áhættu sem sjóðurinn býr við, hafa eftirlit með henni og bregðast við ef áhættan verður meiri en heimilt er. Skilvirk áhættustjórnun felur í sér greiningu verulegra áhættuþátta, mælingu áhættunnar og sífellt eftirlit með henni. Grundvöllur áhættustýringar sjóðsins felst í fjárfestingarstefnu hans hverju sinni. Í lögum um starfsemi lífeyrissjóða eru skilgreindar heimildir sjóðsins til fjárfestinga og hámark fjárfestinga í einstökum eignaflokkum. Fjárfestingarstefnan verður að vera innan þeirra marka sem sett eru í lögunum. Stjórn lífeyrissjóðsins ber ábyrgð á henni gagnvart sjóðfélögum. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn. Hann skilgreinir áhættuviðmið, innan þeirra marka sem stjórn setur, eftir því sem þörf krefur.

Stjórn Gildis samþykkti fyrst áhættustefnu fyrir eignastýringu sjóðsins 25. maí 2011. Fjármálaeftirlitið gaf út leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða undir lok árs 2011. Þau tilmæli hafa síðan verið endurskoðuð og í byrjun árs 2013 þá gaf Fjármálaeftirlitið út ný leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða. Stjórn Gildis - lífeyrissjóðs samþykkti nýja áhættustefnu fyrir sjóðinn 17. maí 2013 sem tekur bæði til fjárhagslegrar áhættu og rekstraráhættu sjóðsins. Unnið hefur verið að innleiðingu þeirrar stefnu.

## SJÓÐFÉLAGAFUNDUR – OPIÐ HÚS

Það er stefna stjórnar Gildis að halda árlega, auk ársfundar, a.m.k. einn opinn sjóðfélagafund.

Sjóðfélagafundur var haldinn hinn 13. nóvember þar sem framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti í starfsemi sjóðsins og stöðu hans. Þá kynnti skrifstofustjóri sjóðsins nýjan vef, Lífeyrisgáttina, sem veitir sjóðfélögum á einum stað aðgang að upplýsingum um lífeyrisréttindi í samtryggingarsjóðum allra lífeyrissjóða á landinu. Á fundinum kom einnig fram að stjórn sjóðsins hefði ákveðið að gera umtalsverðar breytingar á reglum um lán til sjóðfélaga.

Í tilefni af opnun Lífeyrisgáttarinnar var Gildi með opið hús þriðjudaginn 5. nóvember. Þar var hægt að fá upplýsingar um lífeyrisréttindi og gafst sjóðfélögum kostur á að kynna sér Lífeyrisgáttina betur og ræða um lífeyrisréttindi sín.

## HEIMASÍÐA - SJÓÐFÉLAGA- OG LAUNAGREIÐENDAVEFUR

Gildi-lífeyrissjóður hefur um árabil haldið úti heimasíðunni www.gildi.is með það að markmiði að auka aðgengi sjóðfélaga að upplýsingum sem þá varða, s.s. yfirliti yfir iðgjalda- og réttindastöðu. Heimasíðan veitir einnig aðgang að fjölmörgum upplýsingum um rekstur sjóðsins, fjárfestingarstefnu, eignasamsetningu og ávöxtun. Eins er þar að finna samskipta- og siðareglur, ársskýrslur, samþykktir sjóðsins og þau lög sem unnið er eftir hjá sjóðnum auk fjölmargra annarra upplýsinga.

Á heimasíðunni eru reiknivélar þar sem hægt er að reikna út greiðslubyrði lána, núverandi og áætlaðan lífeyri og séreignarlífeyri miðað við valdar forsendur. Niðurstöður eru settar fram með myndrænum hætti.

Eyðublöð og upplýsingar varðandi lántöku og umsókn um lífeyri eru aðgengilegar.

**Sjóðfélagavefur**

Á sjóðfélagavef er að finna upplýsingar um öll iðgjöld sem greidd hafa verið í sjóðinn og aðgang að yfirlitum sem send hafa verið sjóðfélögum og er ætlunin að þau taki við af pappírssendingum í tímans rás. Einnig birtast þar upplýsingar um áunnin réttindi sjóðfélaga við tilgreindan aldur skv. samþykktum sjóðsins og séreign ef einhver er. Lífeyrisgreiðslur sem sjóðfélagi hefur fengið greiddar úr sjóðnum eru aðgengilegar og einnig yfirlit yfir greiðslur til sjóðfélaga. Yfirlit yfir lán sem sjóðfélagi hefur tekið hjá sjóðnum er hægt að skoða.

Sjóðfélagar eru hvattir til að nýta sér þá möguleika sem vefurinn hefur upp á að bjóða og eiga allir að vera búnir að fá veflykil. Ef hann er ekki til staðar er hægt að sækja um hann á vefnum eða senda beiðni á netfangið gildi@gildi.is.

**Lífeyrisgáttin**

Í gegnum sjóðfélagavefinn á heimasíðu Gildis er hægt að finna Lífeyrisgáttina, www.lifeyrisgattin.is, en hún opnar fólki aðgang að upplýsingum um áunnin lífeyrisréttindi í öllum samtryggingarsjóðum sem það hefur greitt iðgjöld í.

**Launagreiðendavefur**

Á launagreiðendavef Gildis geta launagreiðendur fylgst með innsendum skilagreinum, skoðað yfirlit og séð stöðu sína eins og hún er á hverjum tíma. Einnig er möguleiki á því að skrá iðgjöld launþega þar beint inn og losna þar með við pappírinn og þá vinnu sem honum fylgir.

Á árinu 2013 bárust sjóðnum 49.148 skilagreinar (voru 45.876 árið 2012). Unnið hefur verið að því undanfarin ár að auka sjálfvirkni við móttöku skilagreina og minnka pappírsnotkun. Á árinu 2013 var hlutfall rafrænna skila 68% (voru 65% árið 2012 og 56% árið 2011) af innsendum skilagreinum.

## VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Örorkubyrði Gildis-lífeyrissjóðs er mikil, meiri en flestra annarra lífeyrissjóða. Það skiptir því sjóðinn gríðarlega miklu máli að draga eins og kostur er úr líkum á að sjóðfélagar verði óvinnufærir til lengri tíma og að stuðla að því þar sem það er mögulegt að þeir sem njóta örorkulífeyris frá sjóðnum komist sem fyrst aftur út á vinnumarkaðinn.

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður var stofnaður af aðilum vinnumarkaðarins á árinu 2009. Með lögum er lífeyrissjóðum gert að greiða framlag til VIRK sem nemur 0,13% af iðgjaldsstofni. Fyrstu iðgjaldagreiðslurnar voru inntar af hendi í nóvember 2012. Gildi hefur byggt upp samstarf við VIRK þar sem áhersla er lögð á að veita öllum sem sækja um örorkulífeyri hjá Gildi þjónustu ráðgjafa og sérfræðinga og eins raunhæfa möguleika til starfsendurhæfingar og frekast er kostur. Í lok árs 2013 fóru Gildi og VIRK af stað með sérstakt þróunarverkefni þar sem markmiðið er að fá betri sýn yfir umsóknir um örorkulífeyri, aðstæður einstaklinga sem sækja um örorkulífeyri og markvissara mat á raunhæfni starfsendurhæfingar hjá þessum einstaklingum. Niðurstaðan úr þessu verkefni getur síðan haft áhrif á vinnuferla í samstarfi VIRK og lífeyrissjóðanna til framtíðar.

Hlutverk VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum. Stefna Starfsendurhæfingarsjóðs er að:

- skipuleggja ráðgjöf og þjónustu fyrir starfsmenn sem veikjast til lengri tíma eða slasast þannig að vinnugeta skerðist
- stuðla að snemmbæru inngripi með starfsendurhæfingarúrræðum í samstarfi við sjúkrasjóði og atvinnurekendur
- fjármagna ráðgjöf og fjölbreytt endurhæfingarúrræði sem miða að aukinni virkni starfsmanna sem búa við skerta vinnugetu til viðbótar því sem þegar er veitt af hinni almennu heilbrigðisþjónustu í landinu
- stuðla að fjölbreytni og auknu framboði úrræða í starfsendurhæfingu
- byggja upp og stuðla að samstarfi allra þeirra aðila sem koma að starfsendurhæfingu viðkomandi einstaklinga
- hafa áhrif á viðhorf og athafnir í samfélaginu til að stuðla að aukinni virkni starfsmanna
- styðja við rannsóknir og þróunarvinnu á sviði starfsendurhæfingar.

## SKATTUR Á LÍFEYRISSJÓÐI

Í árslok 2011 tóku gildi lög sem mæltu fyrir um skattlagningu á eignir lífeyrissjóða. Nam skatturinn 0,0814% af hreinni eign sjóðanna. Með skattlagningunni skyldi afla tekna til fjármögnunar tímabundinna vaxtabóta til tveggja ára, 2011 og 2012. Lífeyrissjóðir mótmæltu skattlagningunni sem þeir töldu ólöglega og brot á stjórnarskrá.

Í kjölfar viðræðna lífeyrissjóðanna og stjórnvalda var gert samkomulag sem fól í sér að til að skila hlut lífeyrissjóðanna í fjármögnuninni á árunum 2011 og 2012 skyldu sjóðirnir styðja við framkvæmd áætlunar sem miðaði að því að aflétta gjaldeyrishöftum. Í því sambandi skyldu sjóðirnir m.a. taka þátt í gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands á árinu 2012. Gengi sameiginleg markmið aðila um þátttöku lífeyrissjóðanna í útboðunum eftir myndi ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi frumvarp um að fella brott ákvæði laga um skattlagningu á hreina eign sjóðanna. Lífeyrissjóðirnir telja að þeir hafi að fullu staðið við sinn hluta samkomulagsins en stjórnvöld hafa hins vegar aðeins fellt niður skattinn vegna ársins 2012.

Gildi telur skattlagningu þessa ólöglega en greiddi skattinn vegna ársins 2011, að fjárhæð 214 millj. króna, með fyrirvara um lögmæti. Alþýðusamband Íslands ákvað í árslok 2012 að láta reyna á lögmæti skattlagningarinnar fyrir dómstólum og stefndi ríkinu. Í desember 2013 var staðfest í Hæstarétti niðurstaða héraðsdóms um að vísa málinu frá dómi þar sem kröfugerðin samrýmdist ekki skilyrðum laga um meðferð einkamála. Að fenginni þeirri niðurstöðu ákvað stjórn Gildis að sjóðurinn skyldi stefna ríkinu til endurgreiðslu skattsins. Byggt er á því að bráðabirgðaákvæði lífeyrissjóðalaganna brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrár og jafnframt á þeirri málsástæðu að gert hafi verið samkomulag um endurgreiðslu gegn þátttöku í útboði Seðlabankans. Við þann samning stóð Gildi en ríkið hefur annan skilning á þeim samningi.

## ÓVISSUÞÆTTIR

Gildi hefur samið við alla bankana um uppgjör gjaldmiðlavarnarsamninga og gengið að fullu frá uppgjöri við Landsbanka og Kaupþing. Óvissu vegna þessara samninga hefur því verið eytt. Aðeins á eftir að fá niðurstöðu í dómsmálum gagnvart Glitni og ef þau mál vinnast batnar staða sjóðsins, en tapist þau hefur það ekki áhrif á stöðu hans þar sem kröfurnar hafa verið gjaldfærðar.

Undanfarin ár hafa margir útgefendur skráðra skuldabréfa verið teknir til gjaldþrotaskipta, leitað nauðasamninga, óskað eftir greiðslustöðvun og nokkrir hafa óskað eftir frestun á greiðslu afborgana og vaxta. Því hefur sjóðurinn lagt mat á virði skuldabréfa fyrirtækja og fært sérstakar varúðarniðurfærslur vegna þeirra ef tilefni hefur þótt til. Takmarkaðar upplýsingar hafa í sumum tilvikum verið um stöðu útgefenda og óvissa um raunverulegt verðmæti bréfanna því meiri en ella. Í þeim tilfellum sem fjárhagsleg endurskipulagning útgefanda hefur þegar átt sér stað hefur skuldum margra fyrirtækja verið breytt í hlutafé. Í þeim tilfellum heyrir núverandi eign sjóðsins undir verðbréf með breytilegar tekjur. Staða flestra fyrirtækja er nú farin að skýrast og hefur því dregið úr óvissu um matsvirði þeirra. Endanleg niðurstaða um verðmæti bréfanna kann hins vegar að verða önnur en gert er ráð fyrir í ársreikningnum.



Lóndrangar á Snæfellsnesi


GILDI LÍFEYRISSJÓÐUR - ÁRSREIKNINGUR 2013

# EFNISYFIRLIT


Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra ............................. 44
Áritun óháðra endurskoðenda ........................................................... 46
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris ........................... 47
Efnahagsreikningur ........................................................................... 48
Sjóðstreymisyfirlit ............................................................................. 49
Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris ................. 50
Efnahagsreikningur deilda.................................................................. 51
Sjóðstreymisyfirlit deilda ................................................................... 52
Skýringar........................................................................................... 53

## SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Árið 2013 var ágætt hjá Gildi - lífeyrissjóði, hrein raunávöxtun samtryggingardeildar var 5,3% árinu og óvissu um stöðu eigna sjóðsins hefur að mestu verið eytt. Áfram hefur verið unnið að því að bæta regluverk sjóðsins. Breytt starfsumhverfi sjóðsins kallar á aukna vinnu af hálfu stjórnarmanna og á árinu 2013 voru haldnir 26 stjórnarfundir. Endurskoðunarnefnd sjóðsins hélt á árinu 11 fundi.

Á undanförnum árum hefur eignastýring sjóðsins verið efld þar sem mikil áhersla er lögð á faglega vinnu við að meta fjárfestingarkosti. Gjaldeyrishöft gera sjóðnum erfitt fyrir og setja þröngar skorður til aukinna fjárfestinga erlendis. Þá samþykkti stjórn Gildis nýja áhættustefnu fyrir sjóðinn sem tekur bæði til fjárhagsáhættu og rekstraráhættu. Unnið var að innleiðingu þessarar nýju áhættustefnu á árinu.

Innlendur hlutabréfamarkaður hefur verið að byggjast upp að nýju og sjóðurinn er nú stærri og virkari hluthafi í félögum sem hann fjárfestir í en áður. Ný hlutahafastefna fyrir sjóðinn var samþykkt af stjórn á árinu 2013 þar sem leitast er við að skilgreina með skýrari hætti en áður hvernig sjóðurinn beitir sér sem hluthafi í þeim félögum sem hann á verulegan eignarhlut í.

Frá nóvember 2012 hefur Gildi greitt lögbundið framlag í VIRK Starfsendurhæfingarsjóð. Stjórnin vann að því á síðasta ári með VIRK og trúnaðarlækni sjóðsins að móta frekar samstarfið við sjóðinn og ýtt var úr vör sérstöku samstarfsverkefni milli Gildis og VIRK til þess að starfið verði sem árangursríkast.

Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2013 greiddu 4.330 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins, samtals að fjárhæð 13.656 millj. kr. fyrir 40.790 sjóðfélaga. Sjóðfélagar með réttindi í árslok voru 192.455. Fjöldi rétthafa í séreignardeild sjóðsins var í árslok 34.311.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls 10.083 millj. kr., en voru 9.116 millj. kr. árið 2012. Ellilífeyrir nam 6.209 millj. kr., örorkulífeyrir 3.049 millj. kr., makalífeyrir 669 millj. kr., barnalífeyrir 106 millj. kr. og tímabundnar útgreiðslur séreignarsparnaðar námu 52 millj. kr. Hjá samtryggingardeild var fjöldi ellilífeyrisþega á árinu 12.789, örorkulífeyrisþega 4.361, makalífeyrisþega 1.929, og 1.029 fengu greiddan barnalífeyri. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 17.110.

Starfsmenn sjóðsins voru að meðaltali 25 á árinu og námu heildarlaunagreiðslur 228 millj. kr. Laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og framkvæmdastjóra námu 38 millj. kr. á árinu.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 331.381 millj. kr. í árslok 2013 og hækkaði á árinu um 31.886 millj. kr. eða 10,6%. Hrein raunávöxtun á eignum deildarinnar miðað við vísitölu neysluverðs var 5,3%. Hrein eign séreignardeildar til greiðslu lífeyris nam 2.943 millj. kr. í árslok 2013 og hækkaði á árinu um 179 millj. kr. Hrein raunávöxtun séreignardeildar var þannig: Framtíðarsýn I 5,0%, Framtíðarsýn II 2,9% og Framtíðarsýn III 1,5%.

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2013. Samkvæmt henni voru eignir sjóðsins 9.249 millj. kr. lægri en áunnin réttindi sjóðfélaga. Þegar tekið er tillit til áætlaðra framtíðariðgjalda eru eignir sjóðsins 20.551 millj. kr. lægri en heildarskuldbindingar í árslok miðað við 3,5% vexti. Heildarskuldbindingar umfram eignir í árslok 2013 nema því 3,5% samanborið við 4,4% í árslok 2012.

Gildi hefur samið við alla bankana um uppgjör gjaldmiðlavarnarsamninga; við skilanefnd Landsbankans sumarið 2011, við slitastjórn Glitnis vorið 2012 og slitastjórn Kaupþings í lok árs 2012. Fjárhagsleg niðurstaða samninganna í heild er sjóðnum töluvert hagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir í ársreikningum hans. Gildi hefur gert upp að fullu við Landsbanka og Kaupþing. Aðeins á eftir að fá niðurstöðu í dómsmálum gagnvart Glitni og ef þau vinnast batnar staða sjóðsins, en tapist þau hefur það ekki áhrif á stöðu hans. Vísað er í skýringu nr. 16 um frekari upplýsingar.

Það er stefna sjóðsins og hluti af áhættustýringu hans að eiga vel dreift eignasafn, sem ekki byggir eingöngu á íslenska hagkerfinu. Sjóðurinn hefur í samræmi við heimildir í lögum ávaxtað hluta af eignum sínum í erlendum verðbréfum í því skyni að dreifa áhættu sinni. Fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum námu í árslok 2013 91.988 millj. kr. og býr sjóðurinn við gengisáhættu sem því nemur. Vegna stöðu fjármálamarkaða hér á landi og gjaldeyrishafta getur sjóðurinn ekki varist gengisáhættu með gerð afleiðusamninga.

Stjórn Gildis - lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. mars 2014

**Stjórn:**

| | |
|---|---|
| Heiðrún Jónsdóttir | Harpa Ólafsdóttir |
| Elínbjörg Magnúsdóttir | Hjörtur Gíslason |
| Kolbeinn Gunnarsson | Konráð Alfreðsson |
| Þorsteinn Víglundsson | Þórunn Liv Kvaran |

**Framkvæmdastjóri:**

Árni Guðmundsson

## ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Gildis - lífeyrissjóðs.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Gildis - lífeyrissjóðs fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 6. mars 2014

**KPMG ehf.**

Sæmundur Valdimarsson
Hrafnhildur Helgadóttir

## YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS FYRIR ÁRIÐ 2013

| | Skýr. | 2013 | 2012 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld:** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 4.381.302 | 4.089.644 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 9.275.178 | 8.650.827 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | ( 32.475) | ( 192.719) |
| | | 13.624.005 | 12.547.752 |
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði | | 985.514 | 924.922 |
| | 6 | 14.609.520 | 13.472.675 |
| **Lífeyrir:** | | | |
| Lífeyrir | 18 | 10.083.323 | 9.115.867 |
| Umsjónarnefnd eftirlauna | | ( 7.698) | ( 9.948) |
| Iðgjald til starfsendurhæfingarsjóðs | | 127.804 | 18.769 |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | | 7.886 | 8.635 |
| | 7 | 10.211.315 | 9.133.322 |
| **Fjárfestingartekjur:** | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 8 | 6.824.317 | 4.224.655 |
| Tekjur af húseign | 9 | 5.019 | 5.517 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 10,19 | 21.483.367 | 28.856.674 |
| Niðurfærsla verðbréfa | 14,28 | ( 56.294) | 0 |
| | | 28.256.408 | 33.086.847 |
| **Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:** | | | |
| Fjárfestingargjöld | | 223.305 | 207.498 |
| Rekstrarkostnaður | | 414.709 | 385.354 |
| | 11,20 | 638.014 | 592.853 |
| **Aðrar tekjur** | 12,23 | 48.528 | 44.985 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | | 32.065.127 | 36.878.331 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 302.258.568 | 265.380.237 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | 33 | 334.323.695 | 302.258.568 |

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2013

| | Skýr. | 2013 | 2012 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar:** | | | |
| Húseignir og lóðir | 13,24 | 206.893 | 176.674 |
| Aðrar fjárfestingar: | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 14,25 | 130.262.471 | 111.198.912 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 14,26 | 168.855.113 | 156.349.578 |
| Veðlán | 14,27 | 15.271.390 | 15.679.719 |
| Bundnar bankainnstæður | | 4.653.834 | 7.649.599 |
| Fullnustueignir | | 105.751 | 49.180 |
| | | 319.355.451 | 291.103.663 |
| **Kröfur:** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 6 | 1.369.156 | 1.092.591 |
| Aðrar kröfur | | 460.462 | 42.064 |
| | | 1.829.618 | 1.134.655 |
| **Aðrar eignir:** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 13,24 | 16.150 | 15.499 |
| Sjóður og veltiinnlán | | 14.502.860 | 11.329.029 |
| | | 14.519.010 | 11.344.528 |
| Eignir samtals | | 335.704.079 | 303.582.846 |
| **Skuldir:** | | | |
| Skuldir | 31 | 1.380.384 | 1.324.278 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | 33 | 334.323.695 | 302.258.568 |
| **Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris:** | | | |
| Hrein eign samtryggingardeildar | | 331.380.803 | 299.494.657 |
| Hrein eign séreignardeildar | | 2.942.892 | 2.763.911 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris samtals | | 334.323.695 | 302.258.568 |



Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2013

| | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| **Inngreiðslur:** | | |
| Iðgjöld | 14.335.418 | 13.650.259 |
| Fjárfestingartekjur | 10.762.120 | 10.404.850 |
| Afborganir verðbréfa | 8.323.384 | 7.142.984 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | 27.875.229 | 18.934.382 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | 1.734.660 | 2.101.387 |
| Bundin innlán | 3.024.960 | 0 |
| Aðrar inngreiðslur | 60.726 | 35.528 |
| | 66.116.496 | 52.269.389 |
| **Útgreiðslur:** | | |
| Lífeyrir | 10.211.315 | 9.133.322 |
| Fjárfestingargjöld | 223.305 | 207.498 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 402.576 | 332.988 |
| Uppgjör afleiðusamninga | 0 | 1.605.359 |
| Aðrar útgreiðslur | 80.276 | 402.568 |
| | 10.917.472 | 11.681.736 |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum | 55.199.024 | 40.587.653 |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | ( 33.862.346) | ( 23.970.082) |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | ( 17.596.403) | ( 11.871.519) |
| Bundin innlán | 0 | ( 3.018.623) |
| Ný veðlán | ( 566.444) | ( 1.126.254) |
| | ( 52.025.193) | ( 39.986.478) |
| **Hækkun á sjóði og veltiinnlánum** | 3.173.831 | 601.176 |
| **Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun** | 11.329.029 | 10.727.854 |
| **Sjóður og veltiinnlán í árslok** | 14.502.860 | 11.329.029 |

# YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN DEILDA TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS FYRIR ÁRIÐ 2013

| | Sameignardeild | | Séreignardeild, leið I | | Séreignardeild, leið II | | Séreignardeild, leið III | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 |
| **Iðgjöld:** | | | | | | | | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | 4.321.844 | 4.027.740 | 21.976 | 21.372 | 20.939 | 22.537 | 16.542 | 17.995 | 4.381.302 | 4.089.644 |
| Iðgjöld launagreiðenda | 9.198.061 | 8.575.417 | 26.545 | 20.449 | 27.362 | 28.667 | 23.210 | 26.293 | 9.275.178 | 8.650.827 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | (30.172) | (170.425) | 29.184 | (29.102) | (9.369) | (2.304) | (22.118) | 9.112 | (32.475) | (192.719) |
| | 13.489.734 | 12.432.732 | 77.705 | 12.719 | 38.932 | 48.900 | 17.634 | 53.400 | 13.624.005 | 12.547.752 |
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði | 985.514 | 924.922 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 985.514 | 924.922 |
| | 14.475.248 | 13.357.655 | 77.705 | 12.719 | 38.932 | 48.900 | 17.634 | 53.400 | 14.609.520 | 13.472.675 |
| **Lífeyrir:** | | | | | | | | | | |
| Lífeyrir | 9.936.163 | 8.920.911 | 32.728 | 72.522 | 71.760 | 74.778 | 42.671 | 47.656 | 10.083.323 | 9.115.867 |
| Umsjónarnefnd eftirlauna | (7.698) | (9.948) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | (7.698) | (9.948) |
| Iðgjald til starfsendurhæfingarsjóðs | 127.804 | 18.769 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 127.804 | 18.769 |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | 7.886 | 8.635 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7.886 | 8.635 |
| | 10.064.156 | 8.938.366 | 32.728 | 72.522 | 71.760 | 74.778 | 42.671 | 47.656 | 10.211.315 | 9.133.322 |
| **Fjárfestingartekjur:** | | | | | | | | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 6.801.535 | 4.178.138 | 12.431 | 18.368 | 10.351 | 28.149 | 0 | 0 | 6.824.317 | 4.224.655 |
| Tekjur af húseign | 5.019 | 5.517 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5.019 | 5.517 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 21.300.569 | 28.619.462 | 61.602 | 78.460 | 85.851 | 119.625 | 35.345 | 39.128 | 21.483.367 | 28.856.674 |
| Niðurfærsla verðbréfa | (56.294) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | (56.294) | 0 |
| | 28.050.829 | 32.803.117 | 74.033 | 96.828 | 96.202 | 147.774 | 35.345 | 39.128 | 28.256.408 | 33.086.847 |
| **Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:** | | | | | | | | | | |
| Fjárfestingargjöld | 218.369 | 202.900 | 1.407 | 1.316 | 2.404 | 2.208 | 1.125 | 1.075 | 223.305 | 207.498 |
| Rekstrarkostnaður | 405.542 | 376.814 | 2.613 | 2.444 | 4.464 | 4.100 | 2.089 | 1.996 | 414.709 | 385.354 |
| | 623.911 | 579.714 | 4.021 | 3.760 | 6.867 | 6.307 | 3.215 | 3.071 | 638.014 | 592.853 |
| **Aðrar tekjur** | 48.136 | 44.153 | 144 | 415 | 168 | 366 | 80 | 50 | 48.528 | 44.985 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | 31.886.146 | 36.686.844 | 115.133 | 33.680 | 56.674 | 115.955 | 7.174 | 41.852 | 32.065.127 | 36.878.331 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 299.494.656 | 262.807.813 | 766.639 | 732.959 | 1.360.633 | 1.244.678 | 636.639 | 594.787 | 302.258.568 | 265.380.237 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | 331.380.803 | 299.494.656 | 881.772 | 766.639 | 1.417.307 | 1.360.633 | 643.812 | 636.639 | 334.323.695 | 302.258.568 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# EFNAHAGSREIKNINGUR DEILDA 31. DESEMBER 2013

| | Sameignardeild | | Séreignardeild, leið I | | Séreignardeild, leið II | | Séreignardeild, leið III | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 |
| **Fjárfestingar:** | | | | | | | | | | |
| Húseignir og lóðir | 206.893 | 176.674 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 206.893 | 176.674 |
| Aðrar fjárfestingar: | | | | | | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 129.472.268 | 110.518.244 | 385.178 | 328.703 | 405.025 | 351.965 | 0 | 0 | 130.262.471 | 111.198.912 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 167.409.685 | 154.967.212 | 466.838 | 418.994 | 978.589 | 963.371 | 0 | 0 | 168.855.113 | 156.349.578 |
| Veðlán | 15.271.390 | 15.679.719 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 15.271.390 | 15.679.719 |
| Bundnar bankainnstæður | 4.009.542 | 7.015.424 | 0 | 0 | 0 | 0 | 644.292 | 634.176 | 4.653.834 | 7.649.599 |
| Fullnustueignir | 105.751 | 49.180 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 105.751 | 49.180 |
| | 316.475.528 | 288.406.453 | 852.016 | 747.697 | 1.383.614 | 1.315.337 | 644.292 | 634.176 | 319.355.451 | 291.103.663 |
| **Kröfur:** | | | | | | | | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 1.369.156 | 1.092.591 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.369.156 | 1.092.591 |
| Aðrar kröfur | 459.068 | 39.601 | 1.099 | 0 | 294 | 0 | 0 | 2.463 | 460.462 | 42.064 |
| | 1.828.224 | 1.132.192 | 1.099 | 0 | 294 | 0 | 0 | 2.463 | 1.829.618 | 1.134.655 |
| **Aðrar eignir:** | | | | | | | | | | |
| Rekstrarfjármunir | 16.150 | 15.499 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 16.150 | 15.499 |
| Sjóður og veltiinnlán | 14.439.783 | 11.263.734 | 28.656 | 19.715 | 34.421 | 45.580 | 0 | 0 | 14.502.860 | 11.329.029 |
| | 14.455.933 | 11.279.233 | 28.656 | 19.715 | 34.421 | 45.580 | 0 | 0 | 14.519.010 | 11.344.528 |
| Eignir samtals | 332.759.685 | 300.817.878 | 881.772 | 767.412 | 1.418.330 | 1.360.917 | 644.292 | 636.639 | 335.704.079 | 303.582.846 |
| **Skuldir:** | | | | | | | | | | |
| Skuldir | 1.378.882 | 1.323.221 | 0 | 773 | 1.022 | 284 | 480 | 0 | 1.380.384 | 1.324.278 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | 331.380.803 | 299.494.656 | 881.772 | 766.639 | 1.417.307 | 1.360.633 | 643.812 | 636.639 | 334.323.695 | 302.258.568 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# SJÓÐSTREYMISYFIRLIT DEILDA 2013

| | Sameignardeild | | Séreignardeild, leið I | | Séreignardeild, leið II | | Séreignardeild, leið III | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 |
| **Inngreiðslur:** | | | | | | | | | | |
| Iðgjöld | 14.198.683 | 13.534.914 | 77.705 | 12.719 | 38.932 | 48.900 | 20.098 | 53.725 | 14.335.418 | 13.650.259 |
| Fjárfestingartekjur | 10.691.113 | 10.321.199 | 20.186 | 30.675 | 50.553 | 52.825 | 268 | 152 | 10.762.120 | 10.404.850 |
| Afborganir verðbréfa | 8.276.356 | 7.099.586 | 13.726 | 16.121 | 33.301 | 27.277 | 0 | 0 | 8.323.384 | 7.142.984 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | 27.554.063 | 18.859.254 | 157.506 | 40.935 | 163.659 | 34.193 | 0 | 0 | 27.875.229 | 18.934.382 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | 1.684.424 | 1.872.383 | 7.398 | 115.352 | 42.839 | 113.652 | 0 | 0 | 1.734.660 | 2.101.387 |
| Bundin innlán | 3.000.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 24.960 | 0 | 3.024.960 | 0 |
| Aðrar inngreiðslur | 60.334 | 34.696 | 144 | 415 | 168 | 366 | 80 | 50 | 60.726 | 35.528 |
| | 65.464.973 | 51.722.032 | 276.665 | 216.217 | 329.452 | 277.213 | 45.405 | 53.927 | 66.116.496 | 52.269.389 |
| **Útgreiðslur:** | | | | | | | | | | |
| Lífeyrir | 10.064.156 | 8.938.366 | 32.728 | 72.522 | 71.760 | 74.778 | 42.671 | 47.656 | 10.211.315 | 9.133.322 |
| Fjárfestingargjöld | 218.369 | 202.900 | 1.407 | 1.316 | 2.404 | 2.208 | 1.125 | 1.075 | 223.305 | 207.498 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 394.954 | 321.968 | 2.287 | 5.071 | 3.725 | 3.952 | 1.608 | 1.997 | 402.576 | 332.988 |
| Uppgjör afleiðusamninga | 0 | 1.605.359 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.605.359 |
| Aðrar útgreiðslur | 80.276 | 402.568 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 80.276 | 402.568 |
| | 10.757.754 | 11.471.162 | 36.423 | 78.909 | 77.889 | 80.938 | 45.405 | 50.728 | 10.917.472 | 11.681.736 |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum | 54.707.219 | 40.250.870 | 240.242 | 137.308 | 251.563 | 196.275 | 0 | 3.199 | 55.199.024 | 40.587.653 |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | ( 33.527.582) | ( 23.940.012) | ( 159.412) | ( 18.445) | ( 175.352) | ( 11.625) | 0 | 0 | ( 33.862.346) | ( 23.970.082) |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | ( 17.437.144) | ( 11.584.545) | ( 71.889) | ( 110.853) | ( 87.371) | ( 176.121) | 0 | 0 | ( 17.596.403) | ( 11.871.519) |
| Bundin innlán | 0 | ( 3.015.424) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 3.199) | 0 | ( 3.018.623) |
| Ný veðlán | ( 566.444) | ( 1.126.254) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | ( 566.444) | ( 1.126.254) |
| | ( 51.531.170) | ( 39.666.235) | ( 231.301) | ( 129.298) | ( 262.722) | ( 187.746) | 0 | ( 3.199) | ( 52.025.193) | ( 39.986.478) |
| **Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum** | 3.176.049 | 584.636 | 8.941 | 8.010 | ( 11.159) | 8.529 | 0 | 0 | 3.173.831 | 601.175 |
| **Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun** | 11.263.734 | 10.679.098 | 19.715 | 11.705 | 45.580 | 37.051 | 0 | 0 | 11.329.029 | 10.727.854 |
| **Sjóður og veltiinnlán í árslok** | 14.439.783 | 11.263.734 | 28.656 | 19.715 | 34.421 | 45.580 | 0 | 0 | 14.502.860 | 11.329.029 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## Reikningsskilaaðferðir

1. **Upplýsingar um lífeyrissjóðinn**

Gildi - lífeyrissjóður er með aðsetur að Guðrúnartúni 1, Reykjavík. Sjóðurinn er lífeyrissjóður fyrir sjómenn og verkafólk sem aðild á að Eflingu - stéttarfélagi, Sjómannasambandi Íslands, Sjómannafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Verkalýðsfélaginu Hlíf, Félagi hársnyrtisveina og Bifreiðastjórafélaginu Sleipni.

2. **Grundvöllur reikningsskilanna**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að skráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini, afleiðutengd skuldabréf og afleiðusamningar um hlutabréf og gjaldmiðla eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í þús. kr.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Á blaðsíðum 50-52 er að finna yfirlit um breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning og sjóðstreymisyfirlit deilda sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins samþykktu ársreikninginn þann 6. mars 2014.

3. **Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða**

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana um reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringum nr. 16 - 17.

4. **Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

5. **Erlendir gjaldmiðlar**

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

6. **Iðgjöld**

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem hafa borist sjóðnum. Jafnframt er áætlað vegna ótilkynntra iðgjalda í árslok og er sú áætlun byggð á skilum á iðgjöldum á undanförnum árum. Ógreidd iðgjöld í árslok, bæði tilkynnt og ótilkynnt, eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingagjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða.

7. **Lífeyrir**

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, þ.e. ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir og greiðslur frá Umsjónarnefnd eftirlauna, en nefndin annast greiðslur til þeirra sem fæddir eru fyrir 1914 og eiga mjög lítil réttindi í almenna lífeyrissjóðakerfinu. Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris er kostnaður við örorkumat og endurhæfingu.

Samkvæmt 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis XII. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skulu lífeyrissjóðir greiða gjald sem samsvarar 0,13% af samanlögðum iðgjaldastofni allra sjóðfélaga til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs. Fyrsta greiðslan var reiknuð af iðgjaldastofni októbermánaðar 2012.

8. **Tekjur af eignarhlutum**

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

9. **Tekjur af húseign**

Samkvæmt reglum um gerð ársreikninga lífeyrissjóða ber sjóðnum að reikna húsaleigu af eigin afnotum fasteigna og gjaldfæra með öðrum rekstrarkostnaði. Tekjur af fasteign í yfirliti um breytingar á hreinni eign sýnir reiknaða eigin húsaleigu að frádregnum beinum kostnaði við rekstur eignarinnar.

10. **Vaxtatekjur og gengismunur**

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, bundnum bankainnistæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina og breyting á markaðsverði afleiðusamninga.

11. **Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður**

Undir skrifstofu- og stjórnunarkostnað fellur allur kostnaður við rekstur sjóðsins, svo sem laun og launatengd gjöld, rekstur fasteignar og annar rekstrarkostnaður. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

12. **Aðrar tekjur**

Með öðrum tekjum telst hlutur stéttarfélaga sem sjóðurinn annast innheimtu fyrir í rekstrarkostnaði vegna innheimtu iðgjalda og félagsgjalda.

13. **Húseignir, lóðir og rekstrarfjármunir**

Húseign og rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eignanna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteign ........................................................................................................ 50 ár
Rekstrarfjármunir ........................................................................................... 3 - 10 ár

14. **Verðbréfaeign**

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en óskráð bréf á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði, sé það lægra. Hlutdeildarskírteini og aðrir eignarhlutar í sjóðum um sameiginlegar fjárfestingar eru færðar á markaðsverði hvort sem um er að ræða skráð eða óskráð bréf.

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup.

Veðlán eru eignfærð miðað við þá vaxtaviðmiðun sem fram kemur á viðkomandi skuldabréfaláni.

Verðbréfasafn sjóðsins er yfirfarið reglulega til að meta hvort virði óskráðra eigna hafi rýrnað. Við matið eru sérstakar áhættur metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim eignum sem kunna að tapast. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi frá einstökum verðbréfum eða safni verðbréfa áður en lækkunin verður merkjanleg á einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðarsjóðstreymi.

15. **Stýring fjárhagslegrar áhættu**

**Yfirlit**

Stjórn Gildis - lífeyrissjóðs samþykkti nýja áhættustefnu fyrir sjóðinn 17. maí 2013 sem tekur bæði til fjárhagslegrar áhættu og rekstraráhættu sjóðsins. Helstu áhættur sem sjóðurinn stendur frammi fyrir í daglegri starfsemi eru:

- Mótaðilaáhætta
- Lausafjáráhætta
- Markaðsáhætta
- Vaxtaáhætta
- Gjaldeyrisáhætta
- Stjórnmála- og lagaáhætta
- Rekstraráhætta

15. **Stýring fjárhagslegrar áhættu frh.**

Hér á eftir eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur sjóðsins, markmið, stefnu og aðferðir hans við að meta og stýra áhættunni. Að auki eru veittar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Markmið sjóðsins með áhættustýringu er að setja viðmið um áhættutöku, að uppgötva og greina áhættu sem sjóðurinn býr við, hafa eftirlit með henni og bregðast við ef áhættan verður meiri en heimilt er. Skilvirk áhættustjórnun felur í sér greiningu verulegra áhættuþátta, mælingu áhættunnar og sífellt eftirlit með henni. Grundvöllur áhættustýringar sjóðsins felst í fjárfestingarstefnu hans hverju sinni. Í lögum um starfsemi lífeyrissjóða eru skilgreindar heimildir sjóðsins til fjárfestinga og hámark fjárfestinga í einstökum eignaflokkum. Fjárfestingarstefnan verður að vera innan þeirra marka sem sett eru í lögunum. Stjórn lífeyrissjóðsins ber ábyrgð á henni gagnvart sjóðfélögum. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn. Hann skilgreinir áhættuviðmið, innan þeirra marka sem stjórn setur, eftir því sem þörf krefur.

Það er stefna stjórnar sjóðsins að fylgst skuli með og reynt að stýra áhættu sem getur haft áhrif á afkomu sjóðsins og hreina eign til greiðslu lífeyris.

Fjármálaeftirlitið gaf í byrjun árs 2013 ný leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða.

**Mótaðilaáhætta**

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi sjóðsins ef mótaðili eða viðskiptamaður í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Helsta mótaðilaáhætta sjóðsins verður til við kaup á verðbréfum og með veitingu veðlána. Mótaðilaáhætta fylgir ýmsum öðrum fjáreignum, svo sem kröfum, bankainnstæðum og afleiðusamningum. Fjárhæð mótaðilaáhættu kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi.

